

**Ed.**

**627. Frumvarp til laga**

[354. mál]

um grunnskóla.

Frá mennamálaráðherra.

I. KAFLI

**Markmið og skólaskylda.**

1. gr.

Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6–16 ára, eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli. Öllum börnum og unglingum á aldrinum 7–15 ára er skylt að sækja skóla. Undanþágu má þó veita frá skólaskyldu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

Þegar tilgreindur er aldur nemanda í lögum þessum miðast hann við það almanaksár er nemandinn nær nefndum aldri.

2. gr.

Hlutverk grunnskólans er, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og skyldum einstaklingsins við samfélagið.

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

3. gr.

Grunnskóli er tíu ára skóli.

Hann getur verið ein stofnun og einnig má skipta honum í einingar, eftir því sem menntamálaráðuneytið ákveður í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórn.

4. gr.

Í strjálbýli skal stefnt að heimanakstri nemenda þar sem honum verður við komið vegna vegalengda, vegakerfis og veðurfars. Heimilt er ráðuneytinu að fenginni tillögu hlutaðeigandi sveitarstjórnar að koma á fót skólaseljum frá aðalskóla skólahverfis fyrir 6–12 ára börn þar sem heimanakstri til aðalskóla verður ekki við komið. Sveitarstjórn skal leita umsagnar skólanefndar og skólastjóra.

5. gr.

Nú ber skólanefnd í skólahverfi fram við menntamálaráðuneytið rökstutt álit um nauðsyn þess að fá um tiltekinn tíma undanþágu frá því að uppfylla að fullu ákvæði 1. gr. þessara laga um skólaskyldu eða lágmarksákvæði um starfstíma skóla. Menntamálaráðuneytið úrskurðar hvort eða að hve miklu leyti undanþága skuli veitt.

Nú vanrækir skólahverfi að standa að sínum hluta við þær skuldbindingar sem það hefur tekist á hendur eða á það hafa verið lagðar með lögum þessum. Getur menntamálaráðuneytið hlutast til um að nauðsynlegar úrbætur séu framkvæmdar og að sveitarfélag kosti þær að sínum hluta lögum samkvæmt.

6. gr.

Forráðamaður skólaskylds barns ber ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það hefur náð skólaskyldualdri og að það sækji skóla. Verði verulegur misbrestur á skólasókn skólaskylds barns án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli og skólastjóri fær ekki við ráðið skal hann tilkynna skólanefnd um málið. Vilji forráðamaður barnsins ekki hlíta ákvörðun skólanefndar getur hvor aðili um sig vísað málinu til barnaverndarnefndar.

7. gr.

Undanþegin því að sækja grunnskóla skv. 1. gr. eru:

- a. börn sem sækja viðurkennda einkaskóla, sbr. 68. gr., og
- b. börn er búa í skólahverfum sem fengið hafa undanþágu skv. 5. gr. að því leyti sem undanþágan kveður á um.

8. gr.

Heimilt er skólastjóra að veita tímabundna undanþágu, allt að einum mánuði frá skólasókn, telji hann til þess gildar ástæður. Skólanefnd skal þegar gert viðvart um slíkar undanþágur.

## II. KAFLI

### Stjórn grunnskóla.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra málefna er lög þessi taka til. Ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd laganna skal vera samstarfsnefnd skipuð tveimur

fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu og tveimur frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Skal hún fá til umsagnar reglugerðir sem varða fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum áður en þær eru gefnar út. Enn fremur fái hún til umsagnar ágreiningsatriði sem kunna að verða varðandi þessi samskipti áður en þau koma til úrskurðar.

Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

#### 10. gr.

Landið skiptist í fræðsluumdæmi sem hér segir:

1. *Reykjanesumdæmi*, sem tekur yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkurkaupstað, Grindavíkurkaupstað, Njarðvíkurkaupstað, Garðakauptað, Sel-tjarnarneskaupstað og Kópavogskauptað.
2. *Vesturlandsumdæmi*, sem tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Akraneskaupstað, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Ólafsvíkurkaupstað og Dalasýslu.
3. *Vestfjarðumdæmi*, sem tekur yfir Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslur, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkauptað, Bolungarvíkurkaupstað, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu.
4. *Norðurlandsumdæmi vestra*, sem tekur yfir Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkauptað.
5. *Norðurlandsumdæmi eystra*, sem tekur yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkauptað, Ólafsfjarðarkauptað, Dalvíkurkaupstað, Suður-Pingeyjarsýslu, Húsavíkurkaupstað og Norður-Pingeyjarsýslu.
6. *Austurlandsumdæmi*, sem tekur yfir Norður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarkauptað, Suður-Múlasýslu, Neskaupstað, Eskifjarðarkauptað og Austur-Skaftafellssýslu.
7. *Suðurlandsumdæmi*, sem tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjakaupstað, Rangárvallasýslu, Árnessýslu og Selfoskaupstað.

Í Reykjavík fer menntamálaráðuneytið með þau verkefni sem fræðslustjóra og fræðsluskrifstofu eru falin með lögum þessum.

#### 11. gr.

Heimilt er sveitarfélögum eða samtökum þeirra að stofna nefnd eða ráð (fræðsluráð) til að fjalla um eða fara með sameiginleg málefni á sviði fræðslumála.

Um kosningu og starfshætti fer eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

#### 12. gr.

Menntamálaráðuneytið ræður fræðslustjóra til að hafa umsjón með skólastarfi í fræðsluumdæmum, sbr. 10. og 13. gr., og setur þeim erindisbréf.

Við ráðningu í starf fræðslustjóra er skylt að taka tillit til kennslufræðilegrar menntunar umsækjenda, stjórnunarreynslu innan skólakerfisins og þekkingar þeirra á skólamálum og skulu þeir umsækjendur að öðru jöfnu ganga fyrir sem hafa rétt til að vera skipaðir skólastjórar við grunnskóla og hafa gegnt starfi kennara eða skólastjóra í a.m.k. þrjú ár.

#### 13. gr.

Fræðslustjóri er starfsmaður menntamálaráðuneytisins um málefni grunnskóla í fræðsluumdæmi og skal búsettur þar.

Í umboði menntamálaráðuneytisins hefur fræðslustjóri eftirlit og umsjón með aðbúnaði, skipulagi og árangri skólastarfs í sínu umdæmi og sér til þess að nemendur njóti kennslu og þjónustu samkvæmt lögum og öðrum fyrirmælum menntamálaráðuneytis.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið starfrækir fræðsluskrifstofu í fræðsluumdæmi og er fræðslustjóri forstöðumaður hennar. Staðsetning fræðsluskrifstofu skal ákveðin að höfðu samráði við sveitarstjórnir í umdæminu eða samtök þeirra. Á fræðsluskrifstofu skal m.a. fylgst með framkvæmd skólaskyldu, sbr. 1. og 6. gr. Þar skal höfð tilsjón með því að allir skólar eigi aðgang að ráðgjöf á sviði stuðnings- og sérkennslumála. Fræðsluskrifstofa annast önnur þau þjónustuverkefni menntamálaráðuneytisins sem hagkvæmt þykir hverju sinni m.a. á sviði menningarmála.

Allur kostnaður við rekstur fræðsluskrifstofa greiðist úr ríkissjóði.

Í Reykjavík fer menntamálaráðuneytið með þau verkefni sem fræðslustjóra og fræðsluskrifstofu eru falin með lögum þessum.

15. gr.

Skólahverfi er sú eining er stendur að einum grunnskóla, annaðhvort skóla í heild eða hluta hans. Sveitarfélag, sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla innan marka sinna, telst þó eitt skólahverfi. Eitt sveitarfélag eða fleiri eða hlutar sveitarfélaga geta myndað skólahverfi.

Það er skólahverfi:

- a. Þar sem eitt sveitarfélag rekur grunnskóla eða hluta hans án samvinnu við önnur sveitarfélög.
- b. Þar sem fleiri sveitarfélög en eitt reka grunnskóla eða hluta grunnskóla í félagi með fullri eða misjafnri þátttöku aldursárganga.

Sama sveitarfélag getur átt aðild að fleiri en einu skólahverfi sem hér segir:

1. ef það skiptist landfræðilega milli a.m.k. tveggja skólahverfa,
2. ef aldursárgangar þess á grunnskólastigi sækja ekki allir sama skólann, en eiga skólasókn til tveggja eða fleiri skólahverfa.

Skólasel frá aðalskóla, sbr. 4. gr., tilheyrir skólahverfi aðalskólans. Ákvæði um skólahverfi ná ekki til skóla eða stofnana sem rekin eru skv. 49. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður skiptingu landsins í skólahverfi að fengnum tillögum eða umsögnum sveitarstjórna, skólanefnda og skólastjóra sem hlut eiga að máli.

16. gr.

Í sérhverju skólahverfi skal vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla, eftir því sem lög þessi, erindisbréf og samþykktir viðkomandi sveitarstjórnar ákveða nánar. Skólanefnd skal kosin til fjögurra ára í senn af hlutaðeigandi sveitarstjórn, sbr. 17. gr.

Í sveitarfélagi, þar sem grunnskólar eru tveir eða fleiri, fer ein skólanefnd með málefni þeirra. Hún sér um skiptingu nemenda milli þeirra og samræmir rekstur þeirra, eftir því sem hún telur haganlegt.

Menntamálaráðuneytið setur skólanefndum erindisbréf er kveður nánar á um störf þeirra.

17. gr.

Skólanefndir skulu skipaðar sem hér segir:

- a. Fimm mönnum í kaupstöðum og kauptúnahreppum með 1000 íbúa eða fleiri, enda standi þau ein að skólarekstrinum.

Eigi fleiri sveitarfélög aðild að skólahverfinu kýs hvert þeirra einn mann til viðbótar. Verði atkvæði við það jöfn skal sveitarfélagið, þar sem skólinn er, kjósa oddamann ef nemendur þess eru samanlagt fleiri en allra hinna. Sé svo eigi kýs það sveitarfélag skólahverfisins, sem næstflest börn átti þar skólaárið áður en kosið er, tvo menn í skólanefnd.

- b. Premur mönnum í öðrum sveitarfélögum þar sem eitt sveitarfélag er skólahverfi.

c. Þar sem tvö sveitarfélög eða fleiri standa saman að skólahverfi kýs hvert sveitarfélag einn mann. Verði tala nefndarmanna við það jöfn kýs það sveitarfélag tvo er flesta nemendur átti á grunnskólastigi næstliðið skólaár áður en kosið er.

Varamenn í skólanefndum skulu jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt. Skólanefndir skulu kjörnar í upphafi kjörtímabils sveitarstjórna.

Skólanefnd kýs sér sjálf formann og varaformann úr hópi nefndarmanna í upphafi kjörtímabils.

Fastir kennarar í skólahverfinu kjósa úr sínum hópi fulltrúa til að starfa með skólanefnd, kennarafulltrúa, og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt á fundum.

Þar sem kennarar við grunnskóla eru frá 1–15 skal kjörinn einn kennarafulltrúi til samstarfs við nefndina. Þar sem kennarar eru 16 eða fleiri skulu kjörnir tveir kennarafulltrúar. Varamenn kennarafulltrúa skulu jafnmargir aðalmönnum.

Um boðun funda og starfshætti skólanefnda gilda ákvæði sveitarstjórnalaga nr. 8/1986. Skylt er að verða við tilmælum skólastjóra um fund í skólanefnd.

Skólastjóri á rétt til setu á skólanefndarfundum og hefur þar málfrelsi og tillögurétt þegar fjallað er um málefni skóla hans.

#### 18. gr.

Skólanefnd skal sjá um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún fylgist með því og stuðlar að því að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi aðbúnaður til fræðslunnar. Hún lítur eftir, í samráði við skólastjóra, að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða á þessu sviði og gerir tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur.

#### 19. gr.

Skólastjóri er forstöðumaður grunnskóla og stjórnar starfi hans í samráði við kennara og skólanefnd undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Skólastjóri boðar til kennarafundar svo oft sem þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

Auk þess skal boða til slíks fundar ef þriðjungur fastráðinna kennara æskir þess.

Skylt er öllum föstum kennurum skólans að sækja kennarafundi þá mánuði er skóli starfar.

Í skólum, sem eiga rétt á 15 föstum kennurum eða fleiri auk skólastjóra, er almennum kennarafundi heimilt í upphafi hvers skólaárs að kjósa þriggja manna kennararáð sem er skólastjóra til ráðuneytis um stjórn skólans. Í öðrum skólum fer almennur kennarafundur með hlutverk kennararáðs.

Menntamálaráðuneytið setur skólastjórum erindisbréf.

#### 20. gr.

Skylt er starfsmönnum skóla að efla sem mest samstarf skóla og heimila, m.a. með því að kennarar miðli fræðslu um skólamál til foreldra í skólahverfinu og veiti upplýsingar um starfið í skólanum.

Nú óska foreldrar sem börn eiga í grunnskóla, skólastjóri eða almennur kennarafundur eftir að stofnuð séu samtök foreldra og/eða foreldra og kennara við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið og efla tengsl milli heimila og skóla og skal þá skólastjóri boða til stofnfundar.

Samtökin setja sér samþykktir til að starfa eftir og halda gerðabók.

Heimilt er nemendum grunnskóla að stofna nemendaráð sem vinni m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda.

Nemendaráð hvers skóla setur sér samþykktir til að starfa eftir og heldur gerðabók.

21. gr.

Við hvern grunnskóla er skólanefnd heimilt að stofna skólaráð sem sé ráðgefandi um skipulag skólans, starfshætti hans og þróun. Skólaráð skal sérstaklega fjalla um þau atriði sem snerta samstarf heimila og skóla.

Fulltrúar í skólaráð skulu valdir við upphaf skólaárs til eins árs í senn. Skólaráð skipa: Skólastjóri eða staðgengill hans, fulltrúi kennara, fulltrúi starfsmanna skólans, fulltrúi nemenda, fulltrúi skólanefndar og tveir fulltrúar foreldra tilnefndir af samtökum foreldra skólans séu þau starfandi, annars kjörnir á almennum foreldrafundi. Skólaráð kýs sér formann, ritara og varaformann. Það skal halda gerðabók.

### III. KAFLI

#### Skólahúsnæði.

22. gr.

Gerð skólmannvirkja er undirbúin heima í héraði af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd.

Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólmannvirkja skal m.a. tekið tillit til hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða um blandað fyrirkomulag er að ræða. Við gerð skólahúsnæðis skal miðað við einsetningu a.m.k. frá og með fjórða bekk. Menntamálaráðuneytið úrskurðar að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefndar og sveitarstjórnar við hvaða gerð og stærð skólmannvirkja kostnaðarþátttaka ríkisins miðast.

Telji sveitarstjórn að þörf sé á byggingu nýs skólahúss, stækkun skólahúss eða verulegum endurbótum skal hún gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um staðsetningu skólahúss og fyrirhugaðar framkvæmdir sem hljóta þurfa samþykki menntamálaráðuneytis áður en framkvæmdir hefjast að því er kostnaðarþátttöku ríkissjóðs varðar. Ef tvær sveitarstjórnir eða fleiri standa saman að skólahverfi skulu þær á sama hátt gera tillögu sameiginlega ásamt skólanefnd.

Ef samkomulag næst ekki um hvort ráðist skuli í skólabyggingu, hvar hún skuli reist og hve stór hún skuli vera, sker menntamálaráðuneytið úr.

Nafngift skóla er háð samþykki menntamálaráðuneytisins að fenginni umsögn örnefnanefndar.

23. gr.

Eigi tvö sveitarfélög eða fleiri félag með sér um byggingu skólahúsnæðis með jafnri eða ójafnri aðild aldursárganga nemenda skal, ef ekki semst um annað þeirra í milli, miða skiptingu stofnkostnaðar við eftirfarandi meginatriði:

- a. íbúafjöldi,
- b. útsvarsskyldar tekjur í sveitarfélögum næstliðið ár,
- c. þann barnafjölda sem hverju sveitarfélagi ber að senda í skólann,
- d. kennslustundafjöldi samkvæmt námsskrá í þeim bekkjum sem aðild sveitarfélags miðast við.

Sé einungis um að ræða hluta sveitarfélags sem aðild á að skólahverfi skal miða a- og b-liði við þann hluta.

Verði sú breyting gerð á skólahverfi að sveitarfélag, sem þar hefur átt aðild að, tengist öðru skólahverfi, skal ríkissjóður yfirtaka hlutdeild þess í skólabyggingunni og endurselja hana nýjum aðilum eða hinum eldri að því marki sem um semst.

Gerist sveitarfélag aðili að skólahverfi þar sem fyrir eru skólabyggingar sem það mun hafa not af skal það, eftir því sem um semst, kaupa hlutdeild í þeim byggingum af þeim sveitarfélögum sem fyrir eru og/eða ríkissjóði, sbr. undanfarandi málsgrein.

Menntamálaráðuneytið aðstoðar við samninga um skiptingu byggingarkostnaðar sé þess óskað og sker úr um ágreiningsatriði.

Nú óskar sveitarfélag að gert sé ráð fyrir aðstöðu til félagsstarfsemi eða annars slíks í skólahúsi eða í tengslum við það og skal það þá heimilt, enda liggja fyrir umsögn skólanefndar og samþykki menntamálaráðuneytisins. Sveitarfélag greiðir stofnkostnað að því leyti sem lög og reglugerðir ákveða ekki annað.

#### 24. gr.

Í skólahúsi skal auk kennslurýmis gera ráð fyrir aðstöðu fyrir nemendur milli kennslustunda, snyrtiherbergjum, skrifstofu og vinnuherbergjum skólastjóra og kennara, safni bóka og annarra námsgagna, aðstöðu til heilsugæslu, íþróttaiðkana, almennrar félagsstarfsemi í þágu nemenda og annars þess er lög þessi gera ráð fyrir. Ef henta þykir má ætla aðstöðu til íþróttar og verklegrar kennslu rúm í öðru húsnæði.

Við gerð nýs skólahúsnæðis og endurbætur eldra húsnæðis skal séð fyrir aðstöðu fyrir nemendur til náms utan kennslustunda og til að neyta málsverða.

Við gerð heimavistarskóla skal kappkostað að þeir minni sem mest á almenn heimili og sé þannig gengið frá að nemendur geti jafnan náð til umsjónarmanns heimavista.

#### 25. gr.

Sveitarstjórnir ákveða í samráði við hlutaðeigandi skólanefnd hvaða sérfræðingar skuli annast hönnun skólabygginga, þ.e. undirbúningsvinnu og áætlanagerð, þar með gerð uppdráttar.

#### 26. gr.

Um listskreytingu skólamannvirkja fer eftir lögum nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins.

#### 27. gr.

Viðhald skólahúsa og búnaðar, þar með talin endurnýjun kennslutækja, er sveitarfélögum skylt að annast á fullnægjandi hátt.

#### 28. gr.

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, þar með taldir skólastjóra- og kennarabústaðir sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, skulu vera í höndum skólastjóra og skólanefndar sem fara að því leyti með umboð sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytis.

Heimilt er sveitarstjórn að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt er þó aðeins heimilt að hvorki brjóti í bága við skólalæsi né aðra notkun skólahúsnæðis samkvæmt lögum.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar og samþykki menntamálaráðuneytisins að skólahúsnæði sé utan venjulegs skólatíma notað til gistingar og veitingarekstrar.

### IV. KAFLI

#### Skólastjóri, kennarar og annað starfslið grunnskóla.

#### 29. gr.

Við hvern skóla, sem starfar samkvæmt lögum þessum, skal vera skólastjóri.

Um embættisgengi skólastjóra grunnskóla gilda ákvæði laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, nr. 48/1986.

Menntamálaráðuneytið auglýsir stöður skólastjóra og ræður þá að fengnum tillögum viðkomandi skólanefnda sem veita umsóknum móttöku.

### 30. gr.

Í grunnskóla, sem á rétt á 10 kennurum eða fleiri í fullu starfi auk skólastjóra, ræður menntamálaráðuneytið yfirkennara. Um embættisgengi yfirkennara gilda lög nr. 48/1986.

Starf yfirkennara skal auglýst á sama hátt og gerist um störf skólastjóra og kennara.

Hlutadeigandi skólanefnd og skólastjóri skulu láta menntamálaráðuneytinu í té umsagnir um umsóknir þær er berast um stöðu yfirkennara.

Þar sem grunnskóli starfar í tveimur eða fleiri einingum sem aðstæðna vegna eru ekki í sama byggðarlagi er menntamálaráðuneytinu heimilt, að fenginni tillögu skólanefndar, að ráða yfirkennara þótt forsendur þær, sem greindar eru í 1. mgr., séu ekki fyrir hendi.

Yfirkennari er staðgengill skólastjóra og vinnur undir stjórn hans að skólastjórnarstörfum.

Í skólum, þar sem starfa færri kennarar en um getur í 1. mgr., felur skólastjóri í samráði við skólanefnd í upphafi skólaárs einum af föstum kennurum skólans að annast skólastjórn í forföllum sínum.

Menntamálaráðuneytið setur yfirkennurum og staðgenglum skólastjóra erindisbréf.

### 31. gr.

Menntamálaráðuneytið ræður, skipar eða setur kennara til starfa í skólahverfi samkvæmt lögum þessum að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar.

Um embættisgengi kennara fer eftir ákvæðum laga nr. 48/1986.

Menntamálaráðuneytið setur kennurum erindisbréf.

### 32. gr.

Pegar kennarastaða losnar í skólahverfi ber skólanefnd að tilkynna það menntamálaráðuneytinu sem auglýsir stöðuna. Skólanefnd veitir viðtöku umsóknum og gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um ráðningu. Skytt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur. Þegar skólastjóri eða kennari lætur af störfum sökum aldurs eða að eigin ósk skal hann tilkynna það skriflega til skólanefndar og skólastjóra fyrir 1. febrúar. Stefnit skal að því að skipun og setning í skólastjóra- og kennarastöður fari fram eigi síðar en 1. júní ár hvert.

Þurfi að ráða skólastjóra eða kennara fyrirvaralítið getur menntamálaráðuneytið sett mann í starfið án undangenginnar auglýsingar, en auglýsa skal slíkar stöður svo fljótt sem unnt er.

### 33. gr.

Sveitarstjórn ræður starfsfólk grunnskóla annað en kennara og starfsfólk á skólasafni, sbr. 65. gr. Sveitarstjórn ræður starfsfólk á skrifstofu, í mötuneyti, gæslu, skólaakstur, húsvörslu og félagsstörf að fenginni tillögu skólanefndar og skólastjóra. Skólastjóri stjórnar og ákveður verkaskiptingu starfsmanna í samráði við skólanefnd.

Sveitarstjórnir geta falið skólanefndum eða skólastjórum að annast ráðningar í umboði sínu.

### 34. gr.

Í grunnskóla skal kennsla falin föstum kennurum eftir því sem við verður komið og stundakennurum að öðru leyti. Menntamálaráðuneytinu er heimilt að ráða í einni eða fleiri kennslugreinum kennara fyrir tvö eða fleiri skólahverfi samtímis til þess að fullnægja kennsluþörf ef ekki er fullt verkefni fyrir hann við eitt. Ríkissjóður greiðir ferðakostnað kennara sem þannig eru ráðnir.

Skólastjóri við heimavistargrunnskóla er jafnframt heimavistarstjóri. Heimilt er menntamálaráðuneytinu þó, ef skólastjóri æskir, að ráða sérstakan heimavistarstjóra, enda fullnægi hann skilyrðum um uppeldismenntun.



Í heimavistum skal daglegt eftirlit og umsjón nemenda vera í höndum starfsmanna með uppeldismenntun sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um störf og starfslið í heimavistum og aðbúnað nemenda þar.

35. gr.

Fyrir hverja bekkjardeild eða námshóp í grunnskóla skal skólustjóri velja umsjónarkennara. Hann fylgist sérstaklega með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim og leitast við að efla samstarf skóla og heimila, sbr. 20. gr.

36. gr.

Til endurmenntunar skólustjóra og kennara á grunnskólastigi skal auk orlofs, sbr. 37. gr., verja fjárhæð sem til þess er ætluð á fjárlögum hverju sinni.

Menntamálaráðuneytið skipuleggur þetta fræðslustarf í samráði við þær stofnanir sem annast menntun kennara.

37. gr.

Nú óskar kennari að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína eða kennarahæfni og skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um hvernig hann hyggst verja orlofstímanum sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun eða b) a.m.k. tveggja mánaða námsferðar sem skipulögð er og/eða boðið til af aðila eða stofnun sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi getur það veitt honum orlof allt að einu ári með föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám gegn veitingu orlofs og/eða sérstakra styrkja. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma sem skólar hérlandis starfa ekki og veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að  $\frac{2}{3}$  af áætluðum ferða- og dvarlarkostnaði þeirra kennara sem þátt taka í slíkum hópferðum.

Orlof skv. 2. mgr. má veita kennara sem gegnt hefur embætti í 10 ár, settur eða skipaður. Skemmra orlof en fjórum mánuðum nemur til tiltekins náms eða námsferða skv. 3. mgr. má veita kennara sem gegnt hefur embætti í fimm ár, settur eða skipaður. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof en nemur tveggja ára embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum að umsóknir og ákvarðanir um orlof berist réttum aðilum tímanlega og að orlof torveldi ekki störf skólanna yfirleitt. Að orlofi loknu er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum og er ráðuneytinu heimilt að birta slíkar skýrslur. Skilyrði má setja þeim sem hljóta orlof og/eða styrk til reglulegs náms að þeir starfi að námi loknu að skólamállum eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólustjóra.

## V. KAFLI

### Starfstími grunnskóla, námsefni og kennsluskipan.

38. gr.

Reglulegur starfstími grunnskóla skal hefjast 1. september ár hvert og ljúka 31. maí. Fjöldi kennslu- og prófdaga skal að lágmarki vera 150 dagar (8 mánuðir) og 165 dagar (9 mánuðir). Menntamálaráðuneytið getur að ósk skólanefndar veitt tímabundna undanþágu frá framangreindum ákvæðum og skal þá taka tillit til atvinnuhátta og aðstæðna í skólahverfi.

Skólanefnd ákveður með samþykki menntamálaráðuneytisins lengd árlegs starfstíma skóla.

Æski skólanefnd að fullnægja námsskyldu barna að hluta með sumarskóla getur menntamálaráðuneytið heimilað slíkt.

Ráðuneytið skal árlega gefa út skóladagatal.

39. gr.

Í samræmi við markmið grunnskóla skal að því stefnt að nám í öllum bekkjum skólans tengist sem best raunhæfum athugunum og þroskandi störfum utan skólaveggjanna. Í 7.–9. bekk verði val námsgreina frjálst að hluta og skal þar við það miðað að verklegt skyldu- og valnám geti samanlagt numið helmingi námstímans að hámarki en fimmtungi hans að lágmarki.

Menntamálaráðuneytið setur grunnskólum aðalnámsskrá þar sem m.a. skal kveðið nánar á um uppeldishlutverk skólans og meginstefnu varðandi kennslufræði og kennsluskipan, auk þess sem ákvæði skulu sett um:

- a. þjálfun í notkun móðurmálsins í ræðu og riti og fræðslu um íslenskar bókmenntir,
- b. undirstöðukennslu í stærðfræði,
- c. þroskun fagurskyns, listhneigðar og hagleiks með kennslu í tónmennt, myndlist og handíðum,
- d. fræðslu um mannlegt samfélag, umheim og umhverfi í fortíð og nútíð, um Íslandssögu, mannkynssögu, samfélagshætti og landafræði,
- e. kennslu í kristnum fræðum, siðfræði og fræðslu um önnur helstu trúarbrögð,
- f. fræðslu um áhrif af neyslu áfengis og annarra ávana- og fíkniefna, sbr. nr. 23/1983,
- g. kennslu um efnisheiminn, um frumatriði líffræði, umhverfisfræði, eðlisfræði og efnafræði,
- h. kennslu í erlendum tungumálum og séu forsendur fyrir vali þeirra annars vegar að varðveita tengslin við uppruna þjóðarinnar og norræna menningu og hins vegar að opna Íslendingum leið til samskipta við sem flestar þjóðir,
- i. kennslu í heimilisfræðum og heimilisrækt,
- j. kennslu í íþróttum og sundi, líkams- og heilsurækt og hjálp í viðlögum,
- k. verklegt nám,
- l. ýmsar valgreinar, verklegar og bóklegar, í efstu bekkjum grunnskóla,
- m. kynningu á atvinnulífi, námsmöguleikum að loknum grunnskóla og öðru sem áhrif getur haft á starfsval.

Að öðru leyti ákveður menntamálaráðuneytið námsefni grunnskóla, magn þess, skiptingu milli námsgreina og skipan á námsár í viðmiðunarstundaskrá, sbr. þó 41. gr. Sé ekki unnt að halda uppi kennslu í einstökum námsgreinum skal þeim stundafjölda ráðstafað samkvæmt reglum sem menntamálaráðuneytið setur.

Við setningu námsskrár og skipulagningu námsefnis fyrir grunnskóla skal þess sérstaklega gætt í samræmi við markmið skólans, sbr. 2. gr., að öllum nemendum séu gefin sem jöfnust tækifæri til náms, jafnframt því sem skólinn komi til móts við og viðurkenni mismunandi persónugerð, þroska, getu og áhugasvið nemenda.

Í aðalnámsskrá skal sérstaklega kveðið á um nám í fámennum skólum þar sem nauðsynlegt er að nemendur á mismunandi aldri séu saman í deild, sbr. 44. gr.

Setja skal sérstakar námsskrár fyrir nemendur sem njóta sérkennslu skv. 47. og 48. gr.

Menntamálaráðuneytið gefur út endurskoðaða aðalnámsskrá grunnskóla eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

#### 40. gr.

Í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómsunda- og félagsstarfi á vegum skólans. Í félagsstarfi þessu skal m.a. að því stefnt að nemendur verði færir um að taka að sér félagsleg störf í þjóðfélaginu.

Skólastjóri skipuleggur þessa starfsemi þannig að hún falli sem best að eðlilegu skólastarfi. Skal áætlun skólastjóra hljóta samþykki sveitarstjórnar, sbr. 73. gr.

Menntamálaráðuneytið gengst fyrir námskeiðum fyrir þá starfsmenn er með þessi mál fara í skólum og sér um að gefnar séu út leiðbeiningar þeim til stuðnings.

#### 41. gr.

Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að hann fari í heild (kennslutími, stundahlé og sjálfsnám utan kennslustunda) ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Vikulegur kennslutími á hvern nemenda í grunnskóla skal vera sem næst þessi:

- a. í forskóla allt að 840 mínútur,
- b. í 1. bekk 920 mínútur,
- c. í 2. bekk 960 mínútur,
- d. í 3. bekk 1080 mínútur,
- e. í 4. bekk 1280 mínútur,
- f. í 5. bekk 1360 mínútur,
- g. í 6. bekk 1400 mínútur,
- h. í 7. bekk 1440–1480 mínútur,
- i. í 8. bekk 1440–1480 mínútur,
- j. í 9. bekk 1440–1480 mínútur.

Í forskóla og allt að 6. bekk er skólastjóra heimilt að lengja eða stytta vikulegan kennslutíma nemenda um allt að 40 mínútur frá framangreindum ákvæðum. Skal þá hvors tveggja gætt að heildartímafjöldi nemenda skólans það skólaár fari sem minnst fram yfir ákvæðin og að samanlagður kennslutímafjöldi nemenda á skólaferli þeirra á umræddu skólastigi verði sem næst ákvæðunum.

Um lengd kennslustunda fer eftir ákvörðun skólastjóra. Eigi má þó samfelld kennslustund vera lengri en 80 mínútur og eigi að jafnaði skemmri en 20 mínútur. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla telst vera 40 mínútur.

Stundahlé í grunnskóla skulu að jafnaði vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum sem kenndar eru.

#### 42. gr.

Í grunnskóla skal nemendum veitt jólaleyfi frá og með 21. desember til og með 3. janúar. Að öðru leyti skulu leyfis dagar ákveðnir í skóladagatali, sbr. 38. gr.

43. gr.

Eftir að frá hafa verið taldir sérbekkir fyrir nemendur sem ekki stunda nám í almennum bekkjum grunnskóla, sbr. 47. og 48. gr., skal við það miðað að jafnaði að meðaltal nemenda í bekkjardeildum hvers grunnskóla sé sem næst 24. Tala nemenda í einstakri bekkjardeild forskóla til 3. bekkjar skal vera 29 en 30 í öðrum bekkjum.

Menntamálaráðuneytið getur, sbr. 39. gr., sett ákvæði í aðalnámsskrá grunnskóla er heimili skólum að skipta almennum bekkjardeildum í smærri hópa þegar tilteknir námsþættir eru kenndir.

Þegar kennarar vinna saman að kennslu námshópa er heimilt að leysa upp að nokkru deilda- og bekkjaskipan og kenna nemendum saman, ýmist í smærri eða stærri hópum, enda skerði sú tilhögun eigi námsefni það sem kenna ber.

44. gr.

Í fámenum skólum, þar sem nemendur í forskóla til 7. bekkjar eru á mismunandi aldri saman í deild, skal við það miðað að nemendur í bekkjardeild séu ekki fleiri en hér segir:

- a. 10 nemendur ef aldurflokkar eru fimm til sjö,
- b. 12 nemendur ef aldurflokkar eru fjórir,
- c. 17 nemendur ef aldurflokkar eru þrír,
- d. 22 nemendur ef aldurflokkar eru tveir.

45. gr.

Í 8.–9. bekk grunnskóla skulu deildir eigi vera færri en aldurflokkar þeir sem sækja þessa bekki skólans, nema menntamálaráðuneytið heimili annað í samráði við viðkomandi skólanefnd og skólastjóra.

Til þess að 8.–9. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi má meðalfjöldi nemenda í þessum deildum ekki vera minni en 12, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins, enda gildi þá ákvæði 44. gr.

## VI. KAFLI

### Réttindi og skyldur nemenda og kennara.

46. gr.

Börnum og unglingum er bæði rétt og skylt að sækja grunnskóla fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, sbr. 7., 48., 49. og 68. gr. þessara laga.

Skólastjóra er heimilt að höfðu samráði við kennara og að ósk eða með samþykki forráðamanna að flýta skólagöngu nemanda miðað við aldur hans og ákvæði þessara laga svo og færa hann milli aldursárganga skóla og námshópa.

Nemandi sem lokið hefur öllu námi skv. námsskrá grunnskóla, með tilskildum árangri, öðlast rétt til framhaldsnáms án tillits til aldurs hans eða tímalengdar við nám í grunnskóla.

47. gr.

Börn, sem talin eru víkja svo frá eðlilegum þroskaferli að þau fái ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum, eiga rétt á stuðnings- og/eða sérkennslu við sitt hæfi. Slík kennsla fer fram einstaklingslega, í hópum, sérbekkjum eða sérdeildum grunnskóla, nema til komi kennsla á sérstofnun samkvæmt 49. gr. Kennslan fer fram eftir því sem hentast þykir eftir fötlun nemenda og aðstæðum skóla. Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennslu þar sem því verður við komið.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um stuðnings- og sérkennslu í grunnskólum.

48. gr.

Kennslu skv. 47. gr. skulu njóta:

- a. börn sem að dómi ráðgjafarþjónustu skortir getu til að stunda venjulegt grunnskólanám;
- b. börn sem að dómi skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt grunnskólanám;
- c. börn sem að dómi ráðgjafarþjónustu eiga við að etja hömlur, einkum í máli og lestri, sem valda því að tvísýnt er um árangur venjulegrar bekkjarkennslu;
- d. börn sem að dómi ráðgjafarþjónustu eiga við svo mikil aðlögunarvandamál að stríða að þau eiga ekki samleið með venjulegum nemendum;
- e. börn sem af öðrum ástæðum þurfa sérstakrar aðstoðar við að dómi ráðgjafarþjónustu, þar með talin seinþroska börn.

49. gr.

Þeim börnum, sem um getur í a- og b-liðum 48. gr., skal séð fyrir kennslu í sérstofnunum skv. þessari grein. Þar skal þeim veitt uppeldi og fræðsla við þeirra hæfi, enda liggja fyrir álit ráðgjafarþjónustu um að nám í grunnskóla beri ekki tilætlaðan árangur.

Menntamálaráðuneytið hefur forgöngu um að slíkar sérstofnanir séu starfræktar. Það lætur gera heildaráætlun um slíkar sérstofnanir og rekstur þeirra.

Allur stofnkostnaður greiðist úr ríkissjóði svo og rekstrarkostnaður, þar með talin daggjöld nemenda að því leyti sem bætur almannatrygginga hrökkva ekki til.

Þegar um er að ræða nemendur, sem um getur í c-, d- og e-liðum 48. gr., skal þeim séð fyrir kennslu í almennum grunnskóla eða sérstakri deild á vegum hans. Nú telur ráðgjafarþjónusta, sem hlut á að máli, að slíkt muni ekki bera tilætlaðan árangur og skal þá séð fyrir kennslu í sérstofnun.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um deildir og stofnanir skv. þessari grein, og skal þar m.a. kveðið á um kennslumagn, húsnæði og starfsmannahald. Hvert fræðsluumdæmi skal eiga aðgang að slíkri þjónustu.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða nemendum, sem grein þessi tekur til, námstíma er sé einu eða tveimur árum lengri en skólaskyldan býður.

50. gr.

Eigi má nemandi á starfstíma skólans stunda vinnu utan skólans er að dómi skólastjóra og skólalæknis veldur því að hann getur ekki rækt nám sitt sem skyldi eða notið nauðsynlegrar hvíldar. Skal skólastjóri í þeim tilvikum tilkynna það forráðamanni nemandans og hlutaðeigandi vinnuveitanda, en verði ekki bót á ráðin skal vísa málinu til meðferðar barnaverndarnefndar.

51. gr.

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla í öllu því er skóla ávarðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisvenjum í samskiptum við starfsfólk og skólafélaga.

Skólareglur skulu hljóta samþykki skólanefndar áður en þær taka gildi.

Ef nemandi reynist verulega áfátt í hegðun ber kennara hans að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og forráðamann hans. Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal kennari leita aðstoðar skólastjóra og sérfróðra ráðgjafaraðila skólans.

Heimilt er skólastjóra að vísa nemandi úr skóla um stundarsakir ef sérstaklega stendur á, en tilkynna skal hann forráðamönnum nemandans og skólanefnd þá ákvörðun tafarlaust.

Ákveða skal nánar í reglugerð um framkvæmd þessarar greinar.

52. gr.

Telji skólastjóri að kennari — eða telji kennari að skólastjóri — hafi gerst brotlegur við lög þessi eða reglugerðir samkvæmt þeim getur hann vísað málinu til skólanefndar sem leitar lausna en að öðrum kosti vísar því til menntamálaráðuneytisins.

Telji foreldrar eða forráðamenn barna að skólastjóri eða kennari hafi gerst brotlegur við lög þessi eða reglugerðir samkvæmt þeim fer um málið eins og segir í 1. mgr.

Um meðferð slíkra mála fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

## VII. KAFLI

### Námsmat.

53. gr.

Með námsmati í grunnskóla skal reynt að afla sem öruggastrar og víðtækastrar vitneskju um það hver árangur hefur orðið af skólastarfinu. Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast vandlega með því hvernig nemendum gengur að ná þeim markmiðum í námi sem skólinn setur þeim, sbr. 39. gr. Námsmat fer ekki eingöngu fram í lok námstímans, heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfsins, órjúfanlegt frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er örvun nemenda og námshjálp.

54. gr.

Próf í grunnskóla skulu að jafnaði framkvæmd af kennurum skólans, sbr. þó 55. gr. Kennarar skulu gefa vitnisburði í lok hvers skólaárs eða námsáfangs. Vitnisburðir skulu færðir í prófbók skólans og í einkunnabækur nemenda.

Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal heimilt að veita öðrum þessar upplýsingar vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.

55. gr.

Menntamálaráðuneytið skal leggja skólunum til samræmd könnunarpróf og stöðluð próf í a.m.k. móðurmáli og stærðfræði. Skal einkum við það miðað að þessi próf veiti glögga vitneskju um árangur skólastarfsins á þeim stigum þar sem eðlileg skil verða í náminu.

Ráðuneytið veitir einnig sérfræðilegar leiðbeiningar um hvernig skólarnir geti sem réttast metið námshæfni og námsárangur nemenda og gefið sem gleggstar umsagnir og upplýsingar um þá.

56. gr.

Er grunnskólanámi lýkur skal nemandi fá skírteini er votti að hann hafi lokið skyldunámi samkvæmt lögum. Í skírteinið skal skrá valgreinar hans í 7.–9. bekk svo og úrslit prófa.

Einkunnir úr samræmdum og/eða stöðluðum prófum skulu færðar sem sjálfstæðar einkunnir.

57. gr.

Til þess hluta námsmats, sem framkvæmt er með prófum lögðum fyrir heila árganga skv. 54. eða 55. gr., er heimilt að hafa prófdaga sem hér segir: Í 1. og 2. bekk þrjú daga, í 3. bekk fimm daga, í 4., 5. og 6. bekk sex daga, í 7., 8. og 9. bekk allt að tólf dögum að meðaltali.

Óheimilt er að fella niður kennslu í þessu skyni umfram það sem hér segir, nema samþykki menntamálaráðuneytisins komi til.

58. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að skipa skólunum trúnaðarmenn til aðstoðar við framkvæmd samræmdra könnunarprófa, svo og prófdómara til starfa við námsmat í 9. bekk grunnskóla.

Æski skólastjóri og skólanefnd grunnskóla þar sem kennslu lýkur í 7. bekk eða fyrr, sbr. 3. gr., að sérstakt eftirlit verði með námsmati í lokabekk skólans er ráðuneytinu heimilt að skipa skólanum eftirlitsmann.

Nánari ákvæði um tilhögun námsmats setur ráðuneytið í reglugerð. Þar skal og setja ákvæði um hvernig fylgst verði með námi þeirra nemenda á skólaskyldualdri sem eigi sækja almennan grunnskóla.

## VIII. KAFLI

### Skólaþróun, rannsóknir o.fl.

59. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn rannsóknna- og tilraunastarfs í skólum, hefur með höndum setningu námsmarkmiða, endurskoðun á námsefni og setur grunnskólum námsskrá. Það sér um gerð samræmdra og staðlaðra prófa og viðhefur kennslufræðilegt leiðbeiningarstarf.

60. gr.

Til að leiðbeina um kennslu í grunnskóla, sbr. 59. gr., fylgjast með árangri hennar og stuðla að kennslufræðilegum umbótum skulu vera námsstjórar eftir því sem þörf er á og fé veitt til á fjárlögum. Námsstjórar þessir eru starfsmenn menntamálaráðuneytisins, og ræður það þá til allt að fjögurra ára í senn. Við ráðningu námsstjóra skal tekið tillit til kennslufræðilegrar menntunar og kennslureynslu.

61. gr.

Menntamálaráðuneytið getur veitt einstökum fræðsluumdæmum, skólahverfum og opinberum kennslustofnunum heimild til að starfrækja tilraunaskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða, svo sem um námsskrá, starfstíma skóla, kennslutilhögun, kennslumagn, skipun nemenda á tiltekin skólastig o.s.frv., enda brjóti slíkar undanþágur ekki í bága við 2. gr. þessara laga eða þrengi hlutverk grunnskóla frá því sem þar er gert ráð fyrir.

Ef kostnaður við tilraunaskóla fer fram úr því sem greiða á til hans samkvæmt lögum greiðir ríkissjóður það sem umfram er, enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt árlega starfs- og kostnaðaráætlun fyrir fram.

## IX. KAFLI

### Ráðgjafarþjónusta grunnskóla.

62. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn ráðgjafarþjónustu í grunnskólum og sér um að allir grunnskólar eigi aðgang að ráðgjöf á sviði stuðnings- og sérkennslumála. Starfsemi þessi skal skipulögð í samráði við skólastjóra og skólanefndir eftir því sem við á.

Ráðgjafarþjónusta skal ráðuneytið starfrækja í hverju fræðsluumdæmi eftir því sem við verður komið en getur þó falið tiltekinni stofnun að annast þessa starfsemi að hluta eða öllu leyti eða sameinað annarri skyldri starfsemi. Þjónusta þessi starfar fyrir kennslu og uppeldisstofnanir umdæmisins eftir því sem ráðuneytið ákveður.

Kostnaður við starfsemi þessa greiðist úr ríkissjóði.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um ráðgjafarþjónustu grunnskóla.

63. gr.

Ráðgjafarþjónusta grunnskóla skal styðja einstakar kennslu- og uppeldisstofnanir í viðleitni þeirra til að bæta starfshætti sína og auka varnaðarstarf. Hún skal vera ráðgefandi um umbætur í skólastarfi og vinna að því að sálfræðileg og uppeldisfræðileg þekking nýtist skólunum á sem flestum sviðum.

Ráðgjafarþjónusta skal veita foreldrum og kennurum ráðgjöf og fræðslu varðandi uppeldi, nám og kennslu en jafnframt vera nemendum til ráðgjafar og aðstoðar eftir því sem þörf krefur. Hún annast athuganir á nemendum, sem til hennar er vísað, er sýna merki geðrænna erfiðleika og leiðbeinir um meðferð þeirra eða vísar á viðeigandi meðferðarúr-  
ræði, sbr. 48. gr.

64. gr.

Sérmenntaðir starfsmenn ráðgjafarþjónustu grunnskóla geta m.a. verið læknar, sálfræðingar, uppeldisfræðingar, félagsráðgjafar og sérkennarar.

Starfsmenn ráðgjafarþjónustu skulu hafa tilskilda menntun.

Menntamálaráðuneytið ræður starfsmenn ráðgjafarþjónustu og setur þeim erindisbréf.

## X. KAFLI

### Skólasöfn.

65. gr.

Við hvern grunnskóla skal vera safn bóka og námsgagna ásamt vinnustofu fyrir nemendur og kennara. Heimilt skal að sameina almenningssöfn og skólasöfn ef sveitarstjórn telur slíkt æskilegt og menntamálaráðuneytið samþykkir.

Að skólasöfnum skal þannig búið, að því er varðar húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfslíð, að þau geti gegnt því hlutverki að vera eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu.

Menntamálaráðuneytið ræður, að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar, starfsfólk til starfa í skólasafni.

## XI. KAFLI

### Heilsuvernd.

66. gr.

Um heilsuvernd í grunnskóla fer eftir gildandi lögum, um heilsuvernd í skólum. Sá aðili, sem fer með stjórn heilsuverndar í skóla, skal hafa samráð við skólanefnd og skólastjóra um skipulagningu og fyrirkomulag þeirrar starfsemi.

Skólastjóra ber að fylgjast með því að starfsfólk heilsuverndar ræki sín störf í skólanum í samræmi við þá tilhögun sem sett hefur verið samkvæmt framangreindu.

Um kostnað heilsuverndar samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum laga nr. 59/1983 og telst því ekki til skólakostnaðar.

## XII. KAFLI

### Forskóli.

67. gr.

Heimilt er sveitarfélögum að setja á stofn við grunnskóla og undir sömu stjórn, forskóla fyrir fimm ára börn, enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans. Rekstrarkostnaður við forskólahald greiðist á sama hátt og við almenna grunnskóla.

Heimilt er að nota til forskólahalds skólahúsnæði grunnskóla.

Óheimilt er einkaaðila að reka skóla fyrir börn undir skólaskyldualdri nema með leyfi menntamálaráðuneytisins.

Alþt. 1986. A. (109. löggjafarþing).

200



### XIII. KAFLI

#### Einkaskólar.

68. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., eða forskóla, sbr. 67. gr., sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulagsskrá er það staðfestir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og reglum og aðrir grunnskólar. Kennarar við skóla þessa skulu fullnægja öllum skilyrðum um rétt til kennslu í grunnskóla. Börn, sem þessa einkaskóla sækja, hafa undanþágu skv. 7. gr., en forstöðumaður skal fyrir upphaf hvers skólaárs, senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá um nemendur og tilkynna henni allar breytingar á nemendaskrá jafnóðum og þær verða.

Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.

### XIV. KAFLI

#### Fjármál.

69. gr.

Ríkissjóður greiðir í þeim skólum sem lög þessi taka til allan launakostnað skólastjóra, yfirkennara, kennara og annarra þeirra starfsmanna er ríkið ræður til kennslu eða annarra starfa. Til launakostnaðar telst í þessu sambandi, auk beinna launagreiðslna, allur kostnaður er rekja má til kjarasamninga ríkisins og sérsamninga þess við stéttarfélag eða einstaklinga. Greiðslur ríkissjóðs á launakostnaði vegna kennslu á grunnskólastigi og ráðninga kennara í hverju skólahverfi skulu að hámarki miðast við að á hverja bekkjardeild komi, miðað við 40 mín. kennslustund:

- 20 stundir á viku í forskóla,
- 23 stundir á viku í 1. bekk,
- 23 stundir á viku í 2. bekk,
- 27 stundir á viku í 3. bekk,
- 30 stundir á viku í 4. bekk,
- 33 stundir á viku í 5. bekk,
- 35 stundir á viku í 6. bekk,
- 36 stundir á viku í 7. bekk,
- 36 stundir á viku í 8. bekk,
- 36 stundir á viku í 9. bekk,

enda sé fjöldi nemenda í bekkjardeildum eða námshópum í samræmi við ákvæði laga þessara sbr. 41., 43., 44. og 45. gr.

Þar sem fleiri en einn skóli er í skólahverfi skal miða við hvern einstakan skóla og eðlilega skólasókn nemenda eftir búsetu.

Heimilt er að auka nemendafjöldann um allt að fjóra nemendur í bekkjardeild, sbr. 43. gr. og 44. gr. gegn aukningu kennslumagns með fjölgun tíma eða skiptitímum sem svarar til allt að fjórum stundum fyrir hvern nemanda sem umfram er.

Á hvern nemanda í 1.–2. bekk komi 0,12 stundir á viku og í 3.–9. bekk 0,21 stundir á viku til skiptingar bekkja m.a. í verklegri kennslu, enda sé meðalfjöldi nemenda í bekkjardeildum skóla 13 eða meiri.

Til skiptingar bekkja í valgreinum komi 0,12 stundir á viku á nemanda í þeim skólum, sem bjóða upp á valgreinar í 8. og/eða 9. bekk, og miðast þá eingöngu við þá nemendur sem njóta kennslunnar, en þó að lágmarki fjórar stundir á viku í viðkomandi skóla.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að ákveða stundir til skiptingar bekkjardeilda umfram það sem að framan greinir þegar sérstaklega stendur á, um allt að 0,015 stundir á nemanda á viku.

Auk áðurnefnds kennslukostnaðar, greiðir ríkissjóður viðurkennda sjúkrakennslu, forfallakennslu, stuðnings- og sérkennslu nemenda, sbr. 47. gr. og 48. gr., samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð og áætlun sem menntamálaráðuneytið hefur samþykkt, svo og laun stjórnskipaðra prófdómara.

#### 70. gr.

Ríkissjóður greiðir stofnkostnað skólasafna í grunnskólum að hálfu á móti sveitarsjóðum, með öðrum stofnbúnaði viðkomandi skóla. Í skólasafni skal við það miðað að a.m.k. 10 eintök bóka séu á hvern nemanda sem húsrýmisáætlun skólans er miðuð við. Til starfa á skólasafni greiðir ríkissjóður á starfsvikum skóla klukkustundafjöldi sem nemur 5,5% viðbót við þann kennslustundafjöldi sem grunnskóli á rétt á til almennrar kennslu skv. 69. gr.

#### 71. gr.

Í skólum, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, greiða sveitarfélögin ein viðhald fasteigna, tækja og búnaðar, hitun, lýsingu, húsaleigu, tryggingagjöld, ræstingu og allan annan rekstrarkostnað sem ríkissjóði ber ekki að greiða samkvæmt lögum þessum. Þá greiða sveitarfélög launakostnað þeirra starfsmanna er þau ráða, sbr. 33. gr. Tekjur af eignum skóla renna til sveitarsjóða.

#### 72. gr.

Í sérdeildum, sem reknar eru sérstaklega fyrir nemendur, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi, sbr. 4. mgr. 49. gr., greiðir ríkissjóður kennslu og aðra námsaðstoð samkvæmt ákvæðum reglugerðar er menntamálaráðuneytið setur, sbr. 49. gr., og taki hún innig til starfshátta og fyrirkomulags slíkra deilda.

#### 73. gr.

Skólastjóri skal árlega gera áætlun fyrir skóla sinn um fyrirkomulag kennslu, kennslustundafjöldi og annan rekstrarkostnað ríkissjóðs og sveitarsjóðs. Áætlunina skal miða við komandi rekstrarár skólans. Áætlun þessa skal leggja fyrir skólanefnd og skal hún að því er fjármál varðar hljóta samþykki sveitarstjórnar, áður en hún er send menntamálaráðuneytinu fyrir 15. apríl ár hvert, eða annan þann dag sem ráðuneytið ákveður. Áætlun þessa skal skólastjóri endurskoða við upphaf skólaárs.

#### 74. gr.

Vegna hvers nemanda í grunnskóla, sem býr í 5–15 km akstursfjarlægð frá skóla sínum, greiði ríkissjóður viðkomandi sveitarfélögum 1050 kr. á hverja starfsviku skólans. En vegna hvers nemanda, sem býr í 15–25 km frá skóla sínum, greiðir ríkissjóður viðkomandi sveitarfélögum 1600 kr. á hverja starfsviku skólans. En vegna hvers nemanda, sem býr í meira en 30 km fjarlægð frá skóla sínum, greiðir ríkissjóður viðkomandi sveitarfélögum 2200 kr. á hverja starfsviku skólans.

Ofangreindar upphæðir eru miðaðar við verðlag í janúar 1987 og skulu breytast í samræmi við breytingar á aksturstöxtum sérleyfishafa 70%, og breytingu á meðallaunum kennara 30%, samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands.

Framlög ríkissjóðs samkvæmt ofanskráðu verði innt af hendi með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á starfstíma skóla.

75. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur umsjón með fjárhagslegri framkvæmd þessara laga að því er varðar skóla sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga og skulu því afhentir endurskoðaðir ársreikningar allra grunnskóla.

Halda skal bókhald yfir heildarkostnað við skólalald á grunnskólastigi, og sér menntamálaráðuneytið um að svo sé gert.

Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald en geta falið skólanefnd, skólastjóra eða sérstökum reikningshaldara að hafa á hendi reikningshald í umboði sínu.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga. Þar sem fleiri sveitarfélög en eitt standa að rekstri grunnskóla skulu hlutaðeigandi oddvitar sameiginlega tilnefna til fjögurra ára í senn tvo fulltrúa til að endurskoða reikninga skólans og tvo til vara. Menntamálaráðuneytið og aðilar í umboði þess skulu eiga aðgang að öllu slíku reikningshaldi og upplýsingum um skólakostnað.

## XV. KAFLI

### Gildistaka og reglugerð.

76. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

77. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda í upphafi skólaárs 1988–89. Jafnframt falla úr gildi lög um grunnskóla, nr. 63/1974, og önnur lagaákvæði sem fara í bága við lög þessi.

### A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Frumvarp þetta flytur menntamálaráðherra til kynningar og mun hann fara þess á leit við menntamálanefnd efri deildar að hún dreifi því til umsagnar.

Menntamálaráðuneytið hefur þegar sent eftirtöldum aðilum frumvarpið: Bandalagi kennarafélaga, Félagi skólastjóra og yfirkennara, Skólameistarafélagi Íslands, skólastjórum grunnskóla, rektor Háskóla Íslands, rektor Kennaraháskóla Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Fósturskólanum, Námsgagnastofnun, fræðslustjórum og formönnum fræðsluráða.

Hinn 15. apríl 1986 skipaði menntamálaráðherra Sverrir Hermannsson nefnd til að endurskoða lög um grunnskóla, nr. 63/1974, og lög um skólakostnað, nr. 49/1967. Í nefndinni áttu sæti Páll Dagbjartsson, skólastjóri Varmahlíð, formaður, Ingólfur Ármannsson skólastjóri, Akureyri, Ragnar Júlíusson skólastjóri, Reykjavík, allir án tilnefningar, Björn L. Halldórsson skrifstofustjóri, Reykjavík, tilnefndur af borgarstjóra, Leifur Eysteinnsson deildarstjóri, Reykjavík, tilnefndur af fjármálaráðherra, Kristinn Jóhannsson, forseti bæjarstjórnar, Neskaupstað, og Valgarður Hilmarsson oddviti, Fremstgili, tilnefndir af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Auk þeirra nefndarmanna, sem að framan eru taldir, hefur Sólrún Jensdóttir, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, setið fundi nefndarinnar eftir því sem hún hefur haft tæk á og fylgst náið með störfum hennar.

Í skipunarbréfi ráðherra var farið fram á að nefndin hefði náið samstarf við aðra nefnd, sem starfaði á vegum menntamálaráðuneytisins, við samningu draga að frumvarpi til laga um framhaldsskóla. Í skipunarbréfi ráðherra segir m.a.: „Þess er óskað að endurskoðunin beinist í byrjun einkum að því að setja skýrari og einfaldari reglur um skiptingu kostnaðar við stofnun og rekstur skólanna en nú gilda. Kæmi t.d. til álita að allur kostnaður við

framhaldsskóla greiddist af ríkisvaldinu en á móti kæmi hugsanlega að allur kostnaður við grunnskóla greiddist af sveitarfélögum enda yrði að sjá sveitarfélögum fyrir tekjustofnum til að mæta þeim viðbótarkostnaði sem af slíku fyrirkomulagi kynni að leiða.“

Nefndin kom saman til síns fyrsta fundar mánudaginn 12. maí í Reykjavík og um vorið voru haldnir nokkrir fundir, en vegna sumarleyfa og anna nefndarmanna á öðrum vettvangi lá starfsemi nefndarinnar að nokkru niðri þar til síðla sumars að tekið var til starfa á nýjan leik.

Samkvæmt ósk, er fram kemur í skipunarbréfi ráðherra frá 15. apríl 1986, beindist athugun og umræða hjá nefndinni fyrst að kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í sambandi við skólalald og þá í byrjun könnuð sú hugmynd sem fram kemur í fyrrnefndu bréfi hvort til álita komi að sveitarfélögin taki alveg að sér grunnskólalaldið í landinu en ríkissjóður sjái um kostnað við framhaldsskólann.

Á nefndarfundum 9. júní var eftirfarandi samþykkt samhljóða í nefndinni:

„Nefndarmenn eru allir á þeirri skoðun að þessi hugmynd sé ekki raunhæf og framkvæmanleg eins og sakir standa, þ.e. að fela sveitarfélögunum alfarið að sjá um grunnskólann með auknum tekjustofnum en ríkissjóður sæi um rekstur framhaldsskólans. Meginrök allra nefndarmanna eru þau hin sömu að með því móti yrði um svo stórfelldan fjármagnsflutning að ræða, allt að tveimur milljörðum króna, að slíkt sé ekki framkvæmanlegt nema áður eða samhliða fari fram heildarendurskoðun og uppstokkun á öllum verkaskiptum og tekjustofnum ríkis og sveitarfélaga. Með því að taka skólakostnað þar einan út úr þyrfti að setja þar reglur um það hvernig þessu fjármagni skuli skipt niður. Þær reglur yrðu að líkindum ekki einfaldari en þær sem nú gilda og til hvers er þá barist. Nefndarmenn eru sammála um að næsta skref endurskoðunarinnar skuli byggjast á þessari niðurstöðu. *Nefndarmenn hafa orðið sammála um að endurskoðunin skuli beinast að eftirfarandi meginþáttum auk þess sem að framan greinir:*

1. Farið verði ítarlega yfir alla þætti skólakostnaðar með það fyrir augum að einfalda allar reglur er snerta fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.
2. Stefnt verði að því að einfalda og skýra allar línur í stjórnun skólamála og auka vald og ábyrgð sveitarstjórna (skólanefnda) og skólastjóra frá því sem nú er.
3. Fjármálaleg ábyrgð sveitarstjórna í reksturskostnaði verði aukin með nýjum reglum um kostnaðarskiptingu í skólarekstri.
4. Aukið verði forræði heimaaðila um innra starf skólanna og þannig gefist svigrúm til að laga skólalald að nokkru eftir stað- og atvinnuháttum vítt um landið.
5. Menntamálaráðuneytið annist nauðsynlegt eftirlit með því að ákveðnum lágmarkskröfum um samkvæmt viðmiðunarstundaskrá eða menntunarmarkmiðum sé fullnægt.
6. Breytt verði starfssviði fræðslustjóra og um leið starfsemi er fram fer á fræðsluskrifstofum.
7. Reksturskostnaður grunnskóla í dreifbýli verði skoðaður sérstaklega, skal þar nefna skólaakstur, upphitunarkostnað, heimavistargæslu, mótuneyti, viðhaldskostnað o.fl.“

Í öllum meginatriðum hefur með frumvarpi þessu tekist að ná þeim markmiðum sem hér var stefnt að:

1. Skýrt er í frumvarpinu verk og valdsvið hvers aðila í stjórnun skóla og milliliðum fækkað.
2. Ábyrgð og vald heimaaðila, þ.e. sveitarstjórna og skólanefnda, er aukið til muna með tilliti til þess að hafa áhrif á innra starf skólans og laga það sem best að staðháttum í heimabyggð.
3. Tekist hefur með einföldun á skólakostnaðarskiptingu að fela sveitarstjórnnum framkvæmd og vald á ákveðnum þáttum fjármála, en það ætti að leiða af sér hina bestu nýtingu fjármuna.
4. Með sérstökum reglum hefur verið tekið tillit til mjög breytilegra aðstæðna í strjálbýli.

Það var ákveðið strax í upphafi er nefndin hóf störf að ekki yrði óskað eftir umsögnum og tillögum frá hinum ýmsu hagsmunaaðilum um endurskoðunina heldur byggt á þeim gögnum, sem þegar liggja fyrir, um endurskoðun grunnskólalaga því að þetta er ekki í fyrsta skipti er lög þessi koma til skoðunar. Fyrir liggur nefndarálit frá nefnd er skipuð var 25. maí 1979 af þáverandi menntamálaráðherra Ragnari Arnalds. Það nefndarálit er ítarlegt og byggir m.a. á umsögnum víða að og er því að nokkru ljóst hver viðhorf hinna ýmsu hagsmunaaðila eru til fyrrnefndra laga. Auk þessa nefndarálits hafa verið lögð fram frumvörp á Alþingi um breytingar á grunnskólalögum og umræður farið fram um hina ýmsu þætti og vankanta sem á lögumnum eru. Auðvitað eru skiptar skoðanir um ágæti laganna og framkvæmd þeirra. Slíkur skoðanamunur er einnig innan þeirrar nefndar sem hér starfar en leitast hefur verið við að samræma sjónarmið og ræða hin ýmsu atriði fordómalaust í víðu samhengi. Þannig hefur náðst samstaða í nefndinni um flestar þær tillögur sem hér liggja fyrir.

Nefndin vill leggja sérstaka áherslu á það að sá málaflokkur, sem hér um ræðir, er nokkuð vandmeðfarinn og byggist það einkum á tvennu. Í fyrsta lagi snertir þetta svo að segja hvert einasta mannsbarn í landinu því að um er að ræða grunninn að menntun og menningu þjóðarinnar og í öðru lagi eru aðstæður hér á landi svo gífurlega misjafnar í ýmsu tilliti. Erfitt er því að móta reglur sem eiga alls staðar við án sérstakra undantekninga.

Svo sem fyrr er dregið á hefur umtalsverður tími farið í það hjá nefndinni að skoða skólakostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga, enda óskað eftir því sérstaklega að sá þáttur yrði skoðaður. Nefndarmenn voru á einu máli um það að þessi samskipti væru nú í óæskilegum farvegi og hefði það leitt af sér ýmsa örðugleika á undanförunum árum til tjóns fyrir skólahaldið í landinu í heild.

Eins og dregið hefur verið á er dálítið örðugt að semja reglur er taki annars vegar mið af hinn dreifðu byggð og hins vegar aðstæðum í Reykjavíkurborg eða hinum stærstu kaupstöðum. Þetta hefur þó nefndin reynt að gera eins og fram kemur í greinargerð við XIV. kafla frumvarpsins sem fjallar einkum um fjármál. Í fyrsta lagi er stefnt að því að skilja á milli þátta þannig að ríkið sjái að fullu um suma kostnaðarliði en sveitarfélög um aðra. Þannig verði glögg skil á milli og því ekki um að ræða sérstök reikningsuppgjör árlega. Leiðir þetta til þess að samskipti sveitarfélaganna og ríkisins varðandi skólakostnað verði einfölduð til muna.

Þó nefndin hafi ekki haft beint samstarf við nefnd þá er vann að endurskoðun framhaldsskólafrumvarpsins þá hefur verið upplýsingastreymi á milli m.a. vegna þess að einn nefndarmanna í grunnskólanefnd, Björn Halldórsson, sat einnig í framhaldsskólanefnd. Vitað er að hugmyndir þær er fyrir liggja um samræmd lög um framhaldsskólann gera ráð fyrir að umtalsverð útgjöld færast frá sveitarfélögum yfir til ríkisins, þ.e. að ríkið taki á sig aukinn kostnað vegna reksturs framhaldsskólanna. *Lögð skal áhersla á að rétt er að skoða þessi mál í samhengi.*

Það virðist vera almennur vilji fyrir því, bæði hjá forsvarsmönnum sveitarfélaga og ríkis, að einfalda allar reglur er snerta fjármálaleg samskipti þessara aðila og að fá skýrar línur og hrein skipti í sem flestum málaflokkum. En taka verður tillit til þess að fjárhagsleg afkoma sveitarfélaga er afar misjöfn og ræðst m.a. af fólksfjölda, tekjumöguleikum og landfræðilegum aðstæðum af þeim sökum er afar erfitt að láta hið sama gilda um öll sveitarfélög. Þá skiptir í raun ekki máli hvað málaflokkurinn heitir sem við á í því tilviki. Með tilliti til skólakostnaðar virðist í fljótu bragði vera hægt að flokka sveitarfélögin í nokkra flokka. Í dreifbýli er ástand mála þannig að sveitarfélögin þola ekki auknar byrðar og í þeim tilfellum alveg óraunhæft að ætla þeim stærri hlut í skólakostnaði en nú viðgengst. Á hitt skal bent að í mörgum tilfellum mætti eflaust með betra skipulagi og hagræðingu lækka til muna útgjöld sveitarfélaganna sem hér um ræðir.

Skólahald kostar mikið fé ár hvert og því mikilvægt að þeir fjármunir allir, sem til skóla- og fræðslumála fara, nýtist sem best í farsælu skólastarfi og hagnýtri og góðri menntun.

Spurningin er hvernig nálgast megi þetta markmið. Sjálfsagt eru margar leiðir færar en vænlegt þykir nefndinni að færa ábyrgð og ákvarðanatöku sem næst vettvangi. Hinir lýðræðislega kjörnu fulltrúar fólksins í hverju byggðarlagi taki sem flestar ákvarðanir og beri um leið fjármálalega ábyrgð. Þetta síðastnefnda atriði hefur verið haft að leiðarljósi í þeim hugmyndum sem fram eru settar um einföldun í stjórnkerfi varðandi grunnskólamál og reynt eftir föngum að færa vald og ákvarðanatöku til sveitarstjórna og skólanefnda en yfirstjórn menntamála verður að sjálfsögðu í menntamálaráðuneyti.

Rétt er að geta þess að skoðanir nefndarmanna voru nokkuð skiptar varðandi stöðu og verkefni fræðslustjóra, fræðsluskrifstofa og ráðgjafarþjónustu (sbr. sérálit). M.a. kom fram sú skoðun að æskilegt væri að ganga mun lengra í því að færa verkefni til sveitarstjórna og/ eða samtaka þeirra og allur kostnaður vegna reksturs fræðsluskrifstofu og ráðgjafarþjónustu yrði greiddur af sveitarfélögum. Þá hefði einnig orðið að flytja allan kostnað sem af þessari þjónustu leiðir, m.a. allan launakostnað vegna stuðnings- og sérkennslu, yfir á sveitarfélög. En það væri í mótsögn við þá megin stefnu sem fylgt hefur verið að ríkið greiði öll kennslulaun.

Nefndin varð sammála um þær tillögur að frumvarpi sem hún skilaði menntamálaráð- herra með eftirfarandi frávikum:

- a. Valgarður Hilmarsson og Kristinn V. Jóhannsson skila sérálitum varðandi 13. grein. (Fylgiskjal I.)
- b. Björn Halldórsson, Valgarður Hilmarsson og Kristinn V. Jóhannsson leggja fram bókun varðandi skiptingu kostnaðar af viðhaldi skólamannvirkja. (Fylgiskjal II.)
- c. Björn Halldórsson leggur fram bókun varðandi stöðu og starfssvið fræðslustjóra. (Fylgiskjal III.)
- d. Ingólfur Ármannsson, Kristinn V. Jóhannsson og Valgarður Hilmarsson leggja fram bókun varðandi stofnun kennslugagnamiðstöðva við fræðsluskrifstofur. (Fylgiskjal IV.)
- e. Valgarður Hilmarsson leggur fram bókun varðandi úrskurðarvald fræðslustjóra o.fl. (Fylgiskjal V.)

Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins eru skýrðar helstu breytingar frá gildandi lögum um grunnskóla, nr. 63/1974. Eftirtalдар greinar þeirra laga eru felldar út úr frumvarpi þessu:

12. gr. og vísast þar til athugasemda við 11. gr.

35. gr. þar sem hún er talin óþörf vegna tilkomu laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Enn fremur vegna þeirra breytinga sem í þessu frumvarpi eru gerðar á 30., 31. og 32. gr. gildandi laga um grunnskóla.

36. gr. þar sem talið er eðlilegt að efni greinar þessarar verði framvegis ákvæði í kjara- samningum.

64. gr. þar sem óþarft virðist vera að setja í lög ákvæði um fjárveitingar til rann- sóknarverkefna.

68. gr., 69. gr. og 70. gr. þar sem efni þeirra kemur fram í ýmsum greinum frum- varpsins, t.d. 62. og 39. gr. Sjá enn fremur athugasemdir við IX. kafla.

78. gr. Um efni hennar er vísað til 58. og 69. gr. frumvarpsins þar sem skýrt er tekið fram að ríkissjóður greiði laun þeirra sem ríkið ræður til starfa og falla því prófdómarar og trúnaðarmenn þar undir. Enn fremur er gert ráð fyrir því í frumvarpi þessu að sveitarfélög greiði kostnað vegna umsjónar og mótuneytis nemenda í heimavist og heimanakstri, sjá 74. gr. frumvarpsins ásamt athugasemdum.

79. gr. þar sem ákvæði þessarar greinar eru þegar tilgreind í 71., 70., 74., 66. og 34. gr. frumvarpsins.

85. gr. og 86. gr. þar sem frumvarpið miðar við að ríkissjóður greiði allan kostnað af starfsemi fræðsluskrifstofu, sbr. 14. gr.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er um að ræða breytingar frá gildandi lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, sem fela það í sér að forskóli fyrir sex ára börn er nú færður inn í grunnskólann og tilheyrir honum því í einu og öllu, svo sem lög þessi gera ráð fyrir, að því undanskildu að ekki er um skyldunám að ræða. Þá er nefndin sammála um að aflétta því ákvæði í gildandi lögum að 9. bekkur tilheyrir skólaskyldu.

Hvað varðar skólahald í þessum tveimur bekkjum grunnskólans, 6 ára bekk og 9. bekk, þá er gert ráð fyrir að ríki og sveitarfélögum sé skylt að bjóða upp á nám með sama hætti og fyrir þá sem skyldaðir eru að sækja skóla (1.–8. bekk).

Um 2. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum um grunnskóla, nr. 63/1974.

Um 3. gr.

Hér er gildandi lögum um grunnskóla breytt til samræmis við breytingar í 1. gr. og felld niður orðin „þar sem fram fer barna- og unglingafræðsla“ og orðið „sveitarstjórn“ kemur í stað „fræðsluráð“.

Um 4. gr.

Er óbreytt frá gildandi lögum um grunnskóla hvað merkingu varðar, aðeins orðalagsbreytingar til samræmingar. Í stað orðsins „fræðsluráðs“ kemur „sveitarstjórnar“ og í stað „7–10 ára“ kemur „6–12 ára“. Svigrúm er hér aukið sem leitt getur til hagræðingar varðandi akstur o.fl.

Um 5. gr.

Mikil uppbygging skólamannvirkja hefur átt sér stað á undanförunum árum og því er hér um orðalagsbreytingar að ræða frá gildandi lögum um grunnskóla. Nefndinni þótti ekki ástæða til að síðasta málsgrein 5. gr. laganna stæði áfram þar sem ákvæðið á ekki lengur við.

Um 6. gr.

Óbreytt að efni til frá gildandi lögum um grunnskóla. Í stað orðsins „fræðslustjóra“ kemur „skólanefnd“.

Um 7. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum um grunnskóla.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að skólastjóri hafi heimild til þess að veita tímabundna undanþágu frá skólasókn allt að einum mánuði. Ætla má að skólastjórinn hafi yfirleitt besta aðstöðu til að vega og meta ástæður í slíkum undantekningartilvikum og alger óþarfi að flækja þau mál frekar, svo sem gildandi lög um grunnskóla gera ráð fyrir.

Um 9. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum um grunnskóla.

#### Um 10. gr.

Landinu utan Reykjavíkur verði skipt í fræðsluumdæmi svo sem er í gildandi lögum um grunnskóla, þó svo að leiða megi sterk rök að því að sú skipting getur orkað tvímælis og kemur þar margt til.

1. Vegna þess að gert er ráð fyrir breyttri kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga er ekki knýjandi nauðsyn á skiptingu af þessu tagi.
2. Vitað er um landsvæði (héruð, sveitir) sem bæði landfræðilega og samgangnalega séð eiga mun eðlilegri samskipti inn á önnur svæði en þau sem gildandi lög um grunnskóla gera ráð fyrir.
3. Sú starfsemi, sem gert er ráð fyrir að eftirleiðis fari fram á fræðsluskrifstofum, þarf alls ekki endilega að afmarkast af þessari umdæmaskiptingu.

Hér er gert ráð fyrir þeirri sérstöðu Reykjavíkur að hún telst ekki sérstakt fræðsluumdæmi.

Borgin hefur sérstöðu af ýmsu tagi vegna stærðar sinnar og fjölmennis.

Í Reykjavík fer saman aðeins eitt skólahverfi og eitt sveitarfélag og því er ekki þörf á sömu samræmingu á milli sveitarfélaga. Þar sem menntamálaráðuneytið er í Reykjavík er ekki gert ráð fyrir sérstakri fræðsluskrifstofu.

Feld er niður sú breyting sem gerð var með lögum nr. 29/1978 um heimild til að stofna sérstök fræðsluumdæmi í sveitarfélögum með 10 þús. íbúa eða fleiri.

Næstíðasta málsgreinin í 10. gr. gildandi laga um grunnskóla er flutt í 14. gr. og felld út orðið „fræðsluráð“. (Sjá 11. gr.)

#### Um 11. gr.

Vísað er til þess hluta greinargerðar þessarar sem fjallar um nýja kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, svo og í þá stefnu sem tekin var í upphafi þessarar endurskoðunar og hefur að markmiði að einfalda og skýra allar línur í stjórnun skólamála. Flest þau verkefni, sem fræðsluráð hefur með höndum samkvæmt texta gildandi laga, eru færð til sveitarstjórna og skólanefnda, nær vettvangi og þannig fækkað milliliðum í stjórnsýslunni. Öll stjórnun hefur því möguleika á að verða einfaldari og um leið skilvirkari.

Yfirstjórn menntamála hlýtur eðli málsins samkvæmt að vera í höndum menntamálaráðherra og ráðuneytis hans og því afar vafasamt að fræðsluráð geti farið með umboð menntamálaráðuneytisins sem engin áhrif getur haft á kjör manna til starfa þar. Í reynd hafa fræðsluráð í flestum tilfellum eingöngu litið á sig sem fulltrúa heimaaðila.

Rétt þykir að hafa í lögnum heimildarákvæði um að sveitarfélög eða samtök þeirra geti kjörið nefnd eða ráð til að fara með sameiginleg málefni er snúa að skyldum sveitarfélaganna um framkvæmd laganna. Landshlutasamtök hafa ekki lagastoð svo sem gildandi lög um grunnskóla gera ráð fyrir og til umræðu var er þau voru sett. Því er hér einungis talað um sveitarfélög eða samtök þeirra. Vísað er og til sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og þeirra ákvæða sem þar gilda um samstarf sveitarfélaganna.

#### Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir því að fræðslustjórar starfi í hverju fræðsluumdæmi. Þeir verði eftirleiðis sem hingað til ráðnir af menntamálaráðuneytinu og starfsmenn þess. Reynslan hefur sýnt að það tvöfalda kerfi, sem að nokkru er gert ráð fyrir í gildandi lögum um grunnskóla, hefur reynt mjög erfitt í framkvæmd hvað varðar störf fræðslustjóra og að nokkru störf fræðsluráða. Hér eru því tekin af öll tvímæli um að fræðslustjórar starfi á vegum menntamálaráðuneytisins, enda þiggi þeir laun sín úr ríkissjóði. Þeir annist eða hafi umsjón með, f.h. menntamálaráðuneytisins, svæðisbundna þjónustu sem eingöngu er fjármögnuð af



ríkissjóði. Séu ákvæði loðin og tvíráð hvað varðar afmarkanir verksviða í stjórnkerfinu leiðir það einungis til deilna og bitnar á þeim sem síst skyldi, í þessu tilfalli nemendum.

Gert er ráð fyrir óbreyttum kröfum til menntunar og starfsreynslu þeirra sem ráða skal í störf fræðslustjóra.

Eðlilegt þykir að ráðuneytið setji þessum starfsmönnum sínum erindisbréf.

#### Um 13. gr.

Í 14. gr. gildandi laga um grunnskóla eru störf fræðslustjóra tíunduð þó að sú upptalning sé hvorki tæmandi né heldur alls staðar skýr. Ekki eru tiltæk gild rök fyrir því að nauðsyn sé á að skilgreina í lögum störf eins starfsmanns menntamálaráðuneytisins frekar en þá allra annarra. Í lagatextanum er fjallað um starfsvettvang fræðslustjóra í almennu orðalagi, en gert ráð fyrir að ráðuneytið setji frekari fyrirmæli þar um í erindisbréfi, sbr. 12. gr. Minna skal á að gert er ráð fyrir að fjármálaleg uppgjörstörf milli ríkis og sveitarfélaga verði eftirleiddis að mestu úr sögunni.

#### Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneytið starfræki þjónustuskristofur í fræðsluumdæmunum (fræðsluskristofur/skólaskristofur). Kostnaður við þá starfsemi greiðist allur úr ríkissjóði en ekki að hluta til af sveitarfélögunum eins og nú er. Er þetta liður í breyttri skólakostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Auk þeirra verkefna, sem nefnd eru í greininni, hlýtur að teljast eðlilegt að þessi svæðisskristofa ráðuneytisins annist helstu stjórnsýslubætti sem varða sérstaklega viðkomandi umdæmi, svo sem ráðgjöf, upplýsingaöflun, áætlanagerð, vinnuskýrslur o.s.frv.

Starfsemi og umfang þessara þjónustuskristofa mun að sjálfsögðu tengjast þeim verkefnum sem fræðslustjóri hefur með höndum hverju sinni og öðrum þeim verkefnum sem ráðuneytið ákveður.

#### Um 15. gr.

Greinin er að mestu óbreytt frá 16. gr. gildandi laga um grunnskóla að öðru leyti en því að í stað orðsins „útibú“ er sett „skólasel“ og ekki er tilvitnun í fjármálakafli, enda er hann breyttur frá gildandi lögum. Nokkrar orðalagsbreytingar frá síðustu málsgrein 16. gr. felast í því að lagt er til að menntamálaráðuneytið ákveði og hafi frumkvæði og úrskurðarvald um skiptingu landsins í skólahverfi, að fengnum tillögum eða umsögnum sveitarstjórna og skólanefnda sem hlut eiga að máli. Það er skoðun nefndarinnar að kominn sé tími til að endurskoða skiptingu landsins í skólahverfi með það í huga að stækka þau víða í dreifbýlinu. Setja ákvæði um „aðalskóla“ og „skólasel“ í tengslum við hann. Þannig ætti að fást mun hagkvæmari rekstrareiningar bæði hvað varðar kennslu og annað skipulag. Þetta verður að sjálfsögðu að ráðast af aðstæðum í hverju tilviki, en hafa ber í huga að miklar breytingar hafa orðið á samgöngum og búsetu frá því að núverandi skipulag tók gildi.

#### Um 16. gr.

Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða frá gildandi lögum um grunnskóla. Óþarft þykir að taka sérstaklega fram í lögnum að sveitarstjórnnum sé heimilt að ráða sér einn eða annan starfsmann, svo sem skólafulltrúa, reikningshaldara eða aðra. Um slíkt fer eftir gildandi sveitarstjórnarlögum.

#### Um 17. gr.

Íbúatala skv. a-lið 1. mgr. 18. gr. gildandi laga um grunnskóla er hækkuð úr 900 í 1000 íbúa. Þriðja síðasta málsgrein 18. gr. laganna er felld út svo og síðasta málsgreinin. Þá falla út í næstsíðustu málsgrein orðin „sömu ákvæði og um fræðsluráð“. D-liður fellur brott þar sem hann er óþarfur ef felld eru út orðin „með jafnri aðild árganga“ í c-lið.

#### Um 18. gr.

Greinin fjallar um starfssvið skólanefnda. Hér hefur nokkuð verið breytt orðalagi 19. gr. gildandi laga um grunnskóla.

Önnur málsgrein hefur verið flutt í 22. gr. Þriðja málsgrein hefur verið felld brott og 4. mgr. verið flutt í 22. gr. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneytið setji skólanefndum erindisbréf þar sem tilgreint er um starfssvið og starfshætti, en skólanefnd er samkvæmt frumvarpi þessu ætlað mun meira hlutverk ásamt sveitarstjórn í stjórnun skólamála.

#### Um 19. gr.

Hér eru tekin af öll tvímæli um að skólastjóri telst forstöðumaður þess skóla sem hann starfar við og stjórnar starfi hans. Lagðar eru línur um stjórnun innan grunnskóla og er hér um orðalagsbreytingar og mikla einföldun frá gildandi lögum um grunnskóla að ræða. Starfssvið skólastjóra við stjórnun skóla er tilgreint skýrar og fækkað til muna þeim aðilum sem hann í sínu stjórnunarstarfi er skyldur til að hafa samráð við og leita álits hjá við ákvarðanatöku. Samkvæmt gildandi lögum er staða skólastjórans mjög óljós og oft og tíðum flókin. Vakin er athygli á því að hér er gert ráð fyrir því að almennur kennarafundur sé skólastjóra til ráðuneytis við stjórn skóla. Heimilt verður að kjósa kennararáð úr hópi kennara í fjölmönnum skólum eða þar sem starfa 15 fastráðnir kennarar eða fleiri. Sé heimildin notuð þá fer kennararáðið með umboð kennara milli kennarafunda. Skólastjórar skulu starfa undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins og setur það þeim erindisbréf.

#### Um 20. gr.

Hér eru sameinaðar 21. og 22. gr. gildandi laga um grunnskóla er fjalla um foreldrafélög og nemendaráð. Lögð er áhersla á aukin samskipti heimila og skóla, en þau geta orðið með ýmsum hætti. Má þar nefna fræðslu og kynningu á skólamála almennt, upplýsingamiðlun um innra starf skólans og samstarf foreldra, kennara og nemenda.

Í kaflanum um nemendaráð er lögð áhersla á að það fjalli fyrst og fremst um eigin málefni (málefni nemenda svo sem félagslíf) og höfð í huga þau áhrif sem nemendur geta haft í gegnum skólaráð, sbr. 21. gr. Ekki þykir eðlilegt að nemendaráð í grunnskóla hafi á annan hátt afskipti af stjórnun eða starfsháttum skóla.

Ekki er talið rétt að lögbinda ákvæði um foreldrasamtök eða nemendaráð.

#### Um 21. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Tilgangurinn með heimildarákvæði þessu er að gefa foreldrum, nemendum, skólanefndum og starfsfólki skóla kost á að stofna samstarfsvettvang til að ráða ráðum um innra starf skólanna og hafa þá um leið aukin áhrif á þróun hans. Málaflokkar þeir, sem skólaráð tæki til umfjöllunar, gætu til að mynda verið skólareglur, samskipti heimila og skóla, skólamáltíðir, starfstími skóla, ferðalög nemenda, félagslíf nemenda, tilrauna- og rannsóknarverkefni, valgreinar o.fl.

#### Um 22. gr.

Greinin hefur verið að nokkru umorðuð og inn í hana bætt ákvæðum sem áður voru í 19. gr. gildandi laga. Tekin eru af öll tvímæli um að frumkvæði og framkvæmdir við skólabyggingar skuli vera í höndum viðkomandi sveitarstjórnar sem hefur samráð við menntamálaráðuneytið um alla tilhögun varðandi kostnaðarþátttöku ríkisins í framkvæmdunum. Nýju stefnumarkandi ákvæði er bætt í frumvarpið, en það kveður á um að allir skólar skuli vera einsetnir a.m.k. frá og með 4. bekk. Fellt er út ákvæði 3. mgr. 23. gr. gildandi laga um grunnskóla varðandi sérstakar 10 ára framkvæmdaáætlanir um skólabyggingar fyrir allt landið.

Um 23. gr.

Óbreytt frá 24. gr. gildandi laga um grunnskóla.

Um 24. gr.

Óbreytt frá 25. gr. gildandi laga um grunnskóla.

Um 25. gr.

Óbreytt frá 26. gr. gildandi laga um grunnskóla, en niður felld ákvæðið um að ráðuneytið skuli efna til sérstakrar samkeppni um hönnun skólabygginga þegar ástæða þykir til. Þetta orðalag virðist þjóna litlum tilgangi þar sem ráðuneytið hlýtur að ráða því hvenær ástæða er til slíks eða ekki. Til þess þarf ekki lagaheimild.

Um 26. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Hér er kveðið á um það að sveitarfélög eru skyld að sjá um framkvæmd viðhalds skólamannvirkja svo að fullnægjandi sé.

Um 28. gr.

Hér er um orðalagsbreytingar að ræða frá 29. gr. gildandi laga um grunnskóla. Víxlað er orðunum „skólastjóra“ og „skólanefndar“ í 1. mgr. og bætt þar inn orðunum „þar með taldir skólastjóra- og kennarabústaðir“. Þá er í síðustu málsgrein sett orðið „sveitarstjórn“ í stað „skólanefnd“ og getur hún, að fenginni umsögn skólanefndar og með samþykki menntamálaráðuneytisins, tekið ákvörðun um notkun skólahúsnæðis utan skólatíma, t.d. hótélrekstur.

Um 29. gr.

Greinin er efnislega óbreytt 30. gr. gildandi laga um grunnskóla að öðru leyti en því að vitnað er til laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Nefndin ræddi nokkuð um það hvort afnema ætti æviráðningar kennara og skólastjóra og þá um leið allra opinberra starfsmanna. Er nefndin sammála í því efni, en taldi sér ekki fært að leggja slíkt til í þessu frumvarpi. Málið yrði að skoða í víðara samhengi og væri full ástæða til slíks.

Um 30. gr.

Gert er ráð fyrir ofurlitlum breytingum frá gildandi lögum um grunnskóla. Eðlilegast er að ráðning yfirkennara fylgi sömu reglum og ráðning annarra kennara, sbr. lög nr. 48/1986. Þá er hér felld út úr lögnum ákvæði sem gerir ráð fyrir að menntamálaráðuneytið ákveði lágmarkskennsluskyldu yfirkennara. Að sjálfsögðu eiga að gilda um yfirkennara sömu reglur og skólastjóra og aðra kennara. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því að skólastjóri *feli* þeim kennara, er hann kveður til, stjórn í forföllum sínum allt að tveimur mánuðum. Nefndin telur að þetta ákvæði standist varla og sé þar að auki ekki gott fyrirkomulag. Þess vegna er í síðustu málsgrein ákvæði sem gerir ráð fyrir að skólanefnd og skólastjóri skuli í sameiningu ganga frá því áður en skóli hefst ár hvert, hver af kennurum skólans skuli vera staðgengill skólastjóra í forföllum hans hvort sem um lengri eða skemmri tíma er að ræða. Gera verður ráð fyrir því að samið sé um þóknun fyrir slík störf í kjarasamningum.

Um 31. gr.

Undir ákvæði þessarar greinar falla stunda- og forfallakennarar. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 32. gr.

Stefnt er að því að ráðningar kennara fari fram fyrir en verið hefur og er því hér nefndur 1. júní í stað 1. júlí í gildandi lögum um grunnskóla. Gert er ráð fyrir því að skólanefnd sendi tillögur um kennararáðningar til ráðuneytisins og er það í samræmi við breytingar sem ganga í gegnum öll lögin og fyrir er frá greint. Engu að síður er ekkert því til fyrirstöðu að fræðslustjóri gangi frá og annist um kennararáðningar í sínu umdæmi í umboði ráðuneytisins. Með þessu móti eru mál öll einfölduð í meðferð.

Um 33. gr.

Samkvæmt því sem áður er vitnað til um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga varðandi skólakostnað eru hér gerðar nokkrar breytingar á ráðningu starfsfólks til annarra starfa en kennslu við grunnskóla. Þessi grein er í gildandi lögum um grunnskóla mjög loðin í orðalagi og þar að auki eru í henni vandræðaákvæði í síðustu málsgreininni sem fjallar um endurráðningar sem verða sjálfkrafa ef sérstaklega er ekki tilkynnt um annað fyrir 1. júní. Gert er ráð fyrir að grein þessi fjalli um og kveði skýrt á um það að sveitarstjórn ráði starfsfólk grunnskóla annað en kennara og starfsfólk á skólasafni, þ.e. það starfsfólk sem sveitarstjórn greiðir laun. Fellt er niður ákvæðið um endurráðningar frá 1. júní og verður að líta svo á að í ráðningarsamningi sé tilgreint um ráðningartíma þegar starfsfólk er ráðið til starfa.

Um 34. gr.

Tillagan er að mestu samhljóða 37. gr. gildandi laga um grunnskóla en felld út önnur málsgrein vegna ákvæða í lögum nr. 48/1986. Þá er einnig síðasta málsgrein 37. gr. felld út, enda þegar inni í textanum að umsjón með nemendum á heimavistum skuli vera í höndum fólks með uppeldismentun.

Um 35. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 36. gr.

Gert er ráð fyrir óbreyttri merkingu 39. gr. gildandi laga um grunnskóla. Í stað orðsins „má“ er sett orðið „skal“. Þá eru tekin af öll tvímæli um að skólastjórar og yfirkennarar falli undir þau ákvæði um endurmenntun sem hér er fjallað um. Málefni þeirra hafa hingað til verið vanrækt í endurmenntunarstarfinu og þarf úr að bæta hið fyrsta því að öll þróun í skólastarfi byggist ekki hvað síst á því að skólastjórnendur séu meðvitandi um stefnu og strauma í skólamállum.

Bætt er inn ákvæði um að þessi fræðslustarfsemi sé á ábyrgð menntamálaráðuneytisins og ber því að sjá um að slíkt sé framkvæmt.

Um 37. gr.

Óbreytt frá 40. gr. gildandi laga um grunnskóla.

Um 38. gr.

Hér er um að ræða nokkrar breytingar frá gildandi lögum um grunnskóla. Gert er ráð fyrir því að reglulegur starfstími skóla verði 8–9 mánuðir í stað 7–9 mánuðir. Mestur hluti nemenda í þéttbýli stundar nú nám í 9 mánuði ársins og flestir skólar í dreifbýli starfa í 8–8½ mánuð. Annað heyrir nú til algerra undantekninga. Þróunin hefur gengið í þá átt að samræma skólagöngu nemenda með lengingu starfstíma skóla í dreifbýli samhliða því að vikulegur starfstími miðast nú eingöngu við fimm daga kennsluviku í stað sex daga áður í sumum tilfellum. Engin ástæða er til að útiloka þá möguleika að kenna sex daga skólaviku

gegn styttingu árlegs starfstíma ef slíkt hentar betur með tilliti til aðstæðna í byggðarlagi. Þá var nefndin og sammála um að rétt væri að hafa sveigjanleika í árlegum starfstíma um einn mánuð en alveg ástæðulaust að sá munur væri meiri. Sjá enn fremur greinargerð með 42. gr. varðandi leyfi á starfstíma skóla.

#### Um 39. gr.

Þessi grein er 42. gr. gildandi laga um grunnskóla óbreytt að mestu. Sund er sett inn í j-lið því nefndin er sammála um að eðlilegast sé að kennsla í sundi og framkvæmd sundskuldunnar fari fram sem skyldunámsefni í grunnskólanum. Bætt er inn einum staflið, m-lið, sem kveður á um það að í grunnskólanum skuli fræða unglunga um vinnumarkaðinn á hverjum tíma, um framhaldsnám og námsmöguleika að loknum grunnskóla ásamt kynningu á sem flestum þeim þáttum sem áhrif geta haft á starfsval. 70 gr. gildandi laga fjallar um þetta atriði sem hér er ræðir og í framhaldi af þessari breytingartillögu leggur nefndin til að 70. gr. gildandi laga falli út. Nefndin vill leggja áherslu á mikilvægi þessa fræðslustarfs sem hér er til umfjöllunar og skal því á engan hátt gert lægra undir höfði en öðrum þáttum í grunnskólanáminu samkvæmt þessari grein. Nefndin lítur svo á að menntamálaráðuneytið sé skyldugt til að sjá um að nauðsynleg gögn séu jafnan fyrir hendi svo að starfs- og námsráðgjöf geti farið fram í efstu bekkjum grunnskóla.

Þó svo að hér hafi verið gerð tillaga um að bæta inn einum lið og þannig í raun verið að leggja til aukningu á efni sem taka þarf inn í grunnskólanámið, ber að vara við því að auka sífellt við án þess að taka eitthvað af námsefni út í staðinn eða á einhvern hátt breyta því sem fyrir er. Virðist svo sem endurskoðunar sé þörf á öllu námsefni grunnskólans og umfangi þess miðað við það sem viðgengst í dag. Ekki er því að neita að menntunin kallar á sífellt meiri sérhæfingu sem útheimtir ákveðna sérþekkingu meðal þeirra sem fást við kennslu. Af því leiðir að æskilegt er að hafa nokkurt svigrúm í námsskrá og viðmiðunarskrá hvað varðar þann möguleika að brjóta upp hefðbundna stundaskrá og kenna hin ýmsu fræði í námsskeiðsformi, í efri bekkjum sérstaklega. Á þetta ekki síst við um það sem fellur undir m-lið tillögunnar svo og ýmsa aðra fræðslu sem fram skal fara samkvæmt öðrum lögum. Má þar nefna umferðarfræðslu, kynlífsfræðslu, jafnréttisfræðslu, bindindisfræðslu o.fl.

Brott hefur verið felld ákvæðið um atvinnuþátttöku nemenda þar sem það hefur reynt illframkvæmanlegt.

#### Um 40. gr.

Nefndin vill leggja áherslu á að í öllum skólum gefist nemendum kostur á að taka þátt í félagsstarfi utan hins hefðbundna kennsludags en samt sem áður sem óaðskiljanlegum hluta af skólastarfi. Þessi starfsemi getur sem best átt sér stað í samstarfi við íþrótt- og/eða æskulýðsfélög. Miðað er við að félagsstarf þetta sé undir stjórn skólastjóra að því marki er snertir afnot af húsnæði skóla hans eða er háð skipulagningu hans á skólastarfi. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að sveitarstjórn verður að samþykkja áætlun skólastjóra um þessa félagsstarfsemi þar sem sveitarstjórn ber af henni allan kostnað hér eftir. Rétt er að sú áætlun skólastjóra komi fram með öðrum þáttum í starfsáætlun skólastjóra, sbr. 82. gr. gildandi laga um grunnskóla.

Í síðustu málsgrein er sett inn orðið „starfsmenn“ í stað orðsins „kennari“ þar sem ekki er endilega gefið að kennarar skóla sjái um þetta félagsstarf.

#### Um 41. gr.

Þar sem forskóli er orðinn hluti af grunnskólanum þykir eðlilegt að ákvarða hér um kennslutíma á sama hátt og gert er með aðra bekk og þar með 9. bekk. Lagt er til að vikulegur kennslutími skuli nema allt að 840 mínútum. Hér ber að hafa í huga að í fámennum

skólum er viðhöfð samkensla og þar af leiðandi nauðsynlegt að hafa nokkurt svigrúm til þess að nemendur geti fylgst að t.d. í akstri o.fl.

Vikulegur kennslutími fyrsta bekkjar lengist frá gildandi lögum um grunnskóla úr 880 mínútum í 920 mínútur vegna sundkenslu.

#### Um 42. gr.

Í lögum skal einungis bundinn sá tími sem nemendur fá leyfi frá skóla um jól og áramót. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að kveðið sé í skóladagatali á um starfsdaga skóla og þá sem viðmiðun en ekki ófrávikjanlega reglu. Pennan sveigjanleika telur nefndin unnt að hafa ef búið er að fastbinda fjölda kennslu- og prófdaga. Vísað er til greinargerðar með 38. gr. varðandi þá stefnu að heimamenn (skólanefnd og foreldrar) verði með í ráðum varðandi alla tilhögun. Sem dæmi skal nefnt að ekkert er því til fyrirstöðu að kennt sé fram á miðvikudag í dymbilviku, svo sem var gert hér áður og reyndar viðgengst enn í dag.

Það er álit nefndarmanna að leyfis dagar nemenda þurfi ekki endilega að vera túlkaðir sem leyfis dagar starfsfólks.

#### Um 43. gr.

Meðaltal nemenda í bekkjardeildum hefur verið lækkað úr 28 samkvæmt gildandi lögum um grunnskóla í 24 og miðað við að nemendur í bekkjardeildum forskóla til 3. bekkjar fari að jafnaði ekki yfir 29 og 30 í öðrum bekkjum skólans.

#### Um 44. gr.

Í 1. mgr. hefur í stað „1.–6. bekkjar“ í 47. gr. gildandi laga um grunnskóla verið sett inn „forskóla til 7. bekkjar“. Bætt er inn nýjum staflið í 1. mgr. er varðar kennslu í mjög fámennum skólum. Þar af leiðir að síðasta málsgrein 47. gr. gildandi laga um grunnskóla er óþörf, enda vikið nánar að kennslutímakvóta og skiptistundum í 69. gr.

#### Um 45. gr.

Í 1. mgr. hefur verið sett inn „8.–9. bekk“ í stað „7.–9. bekk“ í 48. gr. gildandi laga um grunnskóla, og í stað „skólayfirvöld“ í lok 1. mgr. sömu greinar er sett inn „skólanefnd og skólastjóri“.

#### Um 46. gr.

Gert er ráð fyrir því að 2. mgr. 49. gr. gildandi laga um grunnskóla falli brott, enda óþörf að því er best verður séð og vísast þar til 1. gr. Í 2. mgr. er verið að auka til muna svigrúm til þess að börn geti færst á milli bekkja og þannig lokið grunnskólanámi fyrr en á því ári sem þau verða 16 ára. Hér er stefnt að því að nálgast frekar það markmið sem sett er fram í 2. gr., þ.e. að koma til móts við þarfir hvers og eins. Hér er verið að gera tilraun til að hverfa frá því sem nefnt hefur verið meðalmenskukerfi. Þau börn, sem hafa þroska og færni til að takast á hendur erfiðari verkefni en aldur þeirra segir til um samkvæmt námskrá, eiga að fá það svo fremi að skólastjóri, kennari og forráðamaður barnsins mæli með því og samþykki. Sjálfsagt þykir að ætíð liggja fyrir samþykki frá foreldrum eða forráðamönnum. Það er álit nefndarinnar að seinkun nemenda í grunnskóla eigi að vera alger undantekningartilvik sem ekki komi til framkvæmda nema fyrir liggja meðmæli frá ráðgjafarþjónstu. Þetta svigrúm, sem hér er verið að veita, á að geta bætt skólastarfið, gera það fjölbreyttara og meira aðlaðandi fyrir börnin. Þá er einnig stigið skref í þá átt að nemendur geti lokið sínu framhaldsnámi ári fyrr en nú er. Er það mjög til samræmis við það sem tíðkast í okkar nágrannalöndum. Verði það almennt að þetta svigrúm verði nýtt í skólum mun það án efa leiða til bættrar nýtingar fjármuna í skólakerfinu.

Rétt er að vekja athygli á því sérstaklega að það eru skólastjórar, kennarar og foreldrar sem axla ábyrgð í þessu sambandi og ef til vill er það sjálfgefið að foreldrar eigi hér síðasta orðið. Hins vegar er mjög eðlilegt að ráðgjafarþjónusta skóla veiti upplýsingar og ráðgjöf í þessu efni sem og öðrum í almennu eðlilegu skólastarfi.

Síðasta málsgrein 49. gr. gildandi laga um grunnskóla fellur brott vegna þess að hér er gert ráð fyrir að skólaskyldu ljúki við lok 8. bekkjar.

Um 47. gr.

50. gr. gildandi laga um grunnskóla að mestu óbreytt. Fellt er út orðið „sérstakrar“ í 1. mgr. og síðar í sömu málsgrein er orðinu „afbrigði“ breytt í „fötlun“. Fellt er brott heimildarákvæðið í lok greinarinnar sem veitir heimild til að auka álag á þessa nemendur umfram það sem viðmiðunarnámsskrá gerir ráð fyrir almennt. Verður það að teljast frekar vafasamt.

Gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneytið setji reglugerð um stuðnings- og sérkennslu í grunnskólum.

Um 48. gr.

Vísað er til 62. gr. og greinargerðar um „ráðgjafarþjónustu“ skóla. Hér er um breytingu á nafngift að ræða og gengur hún í gegnum þessa grein. Í a-lið er í stað orðsins „hæfileika“ í 51. gr. gildandi laga um grunnskóla sett orðið „getu“.

Um 49. gr.

Í stað „sálfræðiþjónustu“ í 52. gr. gildandi laga um grunnskóla kemur „ráðgjafarþjónustu“. Í stað orðanna „verði reistar“ í 2. mgr. 52. gr. gildandi laga um grunnskóla stendur „séu starfræktar“. Fellt er brott ákvæðið um 10 ára framkvæmdaáætlun, enda eru þau ár blessunarlega liðin í aldanna skaut frá því lögin um grunnskóla tóku gildi.

Gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneytið setji reglugerð um deildir og stofnanir samkvæmt þessari grein.

Um 50. gr.

Óbreytt frá 53. gr. gildandi laga um grunnskóla.

Um 51. gr.

Orðalagi 54. gr. gildandi laga um grunnskóla er breytt. Sett er ákvæði um að skóla-reglur skuli hljóta samþykki skólanefndar áður en þær taka gildi. Breytingar aðrar miða að einfaldari málsmeðferð í þeim tilvikum sem hér um ræðir og lögð er aukin áhersla á úrlausn á vettvangi heima áður en máli er vísað til meðferðar utan skóla, enda er það til samræmis við það sem viðgengst almennt nú. Þar sem hér er oftast um viðkvæm og vandmeðfarin mál að ræða ber nauðsyn til að um þau verði sett reglugerð.

Um 52. gr.

Hér er lögð sú skylda á herðar skólanefndum að þær geri allt sem hægt er til að leysa úr ágreiningsefnum ef upp koma áður en mál eru send ráðuneyti til meðferðar.

Um 53. gr.

Óbreytt frá 56. gr. gildandi laga um grunnskóla.

Um 54. gr.

Óbreytt frá 57. gr. gildandi laga um grunnskóla.

Um 55. gr.

Í fyrstu málsgrein er fellt brott „svo fljótt sem við verður komið“. Að öðru leyti er greinin óbreytt frá 58. gr. gildandi laga um grunnskóla.

Um 56. gr.

Gera verður ráð fyrir að valgreinar geti verið hluti námsins frá og með 7. bekk, og má hvetja til að slíkt verði reynt a.m.k. í auknum mæli. Fellt er brott úr 59. gr. gildandi laga um grunnskóla „og hafa einkunnir kennara ekki áhrif á þær“. Þetta ákvæði er óþarft þar sem fyrir er kveðið á um að þessar einkunnir skuli færa inn á skírteini nemanda sem sjálfstæðar einkunnir.

Um 57. gr.

Óbreytt frá 60. gr. gildandi laga um grunnskóla.

Um 58. gr.

Hér er gert ráð fyrir að skipun prófdómara sé heimildarákvæði til handa menntamála-ráðuneyti. Þriðja málsgrein 61. gr. gildandi laga um grunnskóla er felld brott þar sem hún þjónar ekki tilgangi a.m.k. miðað við óbreytt orðalag.

Tillaga er um að ríkissjóður sjái einn um greiðslu þóknunar fyrir prófdómarastörf. Þá er og nauðsyn á að sett sé reglugerð um námsmat.

Um VIII. kafla.

Hér er gerð tillaga um að breyta nafni kaflans í „Skólaþróun, rannsóknir o.fl.“. Efni, innihald og fyrirætlan með þessum kafla er fyrst og fremst að stuðla að eðlilegri þróun í skólafarfi á Íslandi. Til stuðnings slíku þróunarstarfi er nauðsynlegt að viðhafa rannsóknarstarfsemi og kannanir ýmiss konar, en þær eru ekki neitt aðalatriði út af fyrir sig.

Um 59. gr.

Skýrt er tekið fram að ráðuneytið hafi með höndum yfirumsjón með öllum könnunum og rannsóknum í skólum og veiti heimildir til þeirra sem safna vilja upplýsingum í skólum, innan ramma laga og reglugerða. Gert er ráð fyrir að ráðuneytið stuðli að framförum og þróun í skólum, m.a. með tilraunanámsefni og ýmsum meiri og minni háttar nýjungum í skipulagi eða starfsháttum, sbr. 61. gr. Brott er fellt úr 62. gr. gildandi laga um grunnskóla ákvæði sem kveður á um að ráðuneyti skuli hafa samvinnu við Ríkisútgáfu námsbóka um útgáfu námsbóka. Í gildi eru nú gengin lög um Námsgagnastofnun og vísast til þeirra hvað það atriði áhrærir. Brott er fellt niðurlag síðustu málsgreinar 62. gr. gildandi laga um grunnskóla þar sem ákvæðið er komið inn í 36. gr. frumvarpsins.

Um 60. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 61. gr.

Óbreytt frá 65. gr. gildandi laga um grunnskóla að öðru leyti en því að lagt er til að ríkissjóður greiði þann kostnað af starfrækslu tilraunaskóla sem er umfram það sem greiða á til skólans samkvæmt frumvarpi þessu.

Um IX. kafla.

Nafni kaflans hefur verið breytt. Er það gert til að leggja aukna áherslu á að sú þjónusta, sem hér er verið að fjalla um, er fyrst og fremst til þess ætluð að efla og bæta



skólustarf almennt þannig að skólinn eigi auðveldara með að ná þeim markmiðum sem 2. gr. gerir ráð fyrir. Starfsemi þessi sé ráðgefandi á sviði stuðnings- og sérkennslumála og ekki stýrandi eða stjórnandi varðandi nám og kennslu almennt í skólum. Með þessari nafnbreytingu er ekki verið að kasta rýrð á sálarfræðina sem slíka eða þá sem bera titil þeirrar fræðigreinar, heldur gerð tillaga um notkun safnheitis sem nái yfir alla sérfræðinga sem annast ráðgjafarstörf fyrir skólana.

Svo sem fyrr segir er gert ráð fyrir að ráðgjafarþjónusta skóla snúist að mestu um stuðnings- og sérkennslu og eigi hún að rísa undir nafni verður hún að hafa á að skipa sérmenntuðu starfsfólki. Það kunna að vera skiptar skoðanir á því hversu sérhæfða þjónustu unnt er að veita dreift um landið, en það sem höfuðmáli skiptir er að öllum skólum sé tryggður greiður aðgangur að sérfræðingum á þessu sviði. Er hér miðað að því.

Þá er með breytingum skapað svigrúm til þess að ráðgjafarstarfsemi á sviði uppeldis-, kennslu- og félagsmála (skólastofnanir, svæðisstjórnir, félagsmálastofnanir, heilbrigðis-kerfi), sem starfrækt er af ríki og sveitarfélögum, geti sameinast undir einn hatt þar sem aðstæður leyfa og verður að telja það ótvíræða kosti. Með því móti yrði skipulagning auðveldari og starfið markvissara.

#### Um 62. gr.

Hér er um verulegar breytingar að ræða frá 66. gr. gildandi laga um grunnskóla sem felast m.a. í:

1. Ráðgjafarþjónusta grunnskóla er undir yfirstjórn og skipulagi menntamálaráðuneytisins, enda öll kostuð af ríkissjóði. Eðlilegt getur talist að starfsemi þessi tengist starfsemi fræðsluskrifstofu og störfum fræðslustjóra sem gegnir þar stjórnunarstörfum f.h. ráðuneytis.
2. Upphafsmálgreinin er mjög afdráttarlaus og tryggir öllum skólum aðgang að sérfræðingum á sviði stuðnings- og sérkennslumála.
3. Menntamálaráðuneytið á að starfrækja ráðgjafarþjónustu í hverju fræðsluumdæmi eftir því sem við verður komið. Í þessu tilliti verður að taka mið af samgöngum og öðrum þáttum í allri skipulagningu þar með talið mati á því hversu sérhæfð þjónusta þessi skal vera á hverjum stað. Um meiri sveigjanleika er að ræða en samkvæmt gildandi lögum um grunnskóla og á það að geta leitt til hagræðingar og bættrar þjónustu.
4. Fyrsta mgr. felur í sér að ráðuneytið þarf að skipuleggja þjónustu þessa í heild yfir allt landið. Það verður að teljast æskilegt a.m.k.
5. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði allan kostnað af ráðgjafarþjónustu skóla. Um nánari tilhögun verður að setja ákvæði í reglugerð.

#### Um 63. gr.

Vísað er til ákvæða um setningu reglugerðar varðandi ráðgjafarþjónustu, enda verður traúðla í lagatexta skilgreint út í hörgul starfsemi hennar og umfang. Eðlilegt er að setja í lög stefnumarkandi línur og hefur orðalagi verið breytt í þessa veru.

#### Um 64. gr.

Hér eru nefndir þeir sérfræðingar sem t.d. gætu verið starfsmenn ráðgjafarþjónustu. Þessi upptalning er ekki tæmandi og kemur ekki í veg fyrir að einhverjir aðrir sérmenntaðir starfsmenn gætu starfað við ráðgjafarþjónustu. Hér eru tekin af öll tvímæli um að menntamálaráðuneytið ráði starfsfólk til ráðgjafarþjónustu, enda laun þeirra öll greidd úr ríkissjóði. Vísað er hér enn til setningar reglugerðar varðandi starfsemi ráðgjafarþjónustu.

#### Um X. kafla.

Nafni kaflans er hér breytt. Sú breyting þarfnast í raun ekki skýringa.

Á safni þessu á að vera fyrir hendi ýmiss konar búnaður, kennslu- og námsgögn og eru bækur einungis hluti þeirra. Líta ber á skólasafn sem óaðskiljanlegan hluta skóla og aðstöðu þar. Því er talið sjálfsagt að safn af þessu tagi sé fyrir hendi í öllum grunnskólum og ekki miðað við 5.–9. bekk svo sem ákvæði í 76. gr. gildandi laga um grunnskóla gera ráð fyrir.

#### Um 65. gr.

Orðalagi er breytt frá 1. mgr. 72. gr. gildandi laga um grunnskóla hvað varðar sameiningu skólasafna og almenningssafna. Nefndin hefur allan fyrirvara á að slík sameining sé æskileg og þjóni einhverjum tilgangi. Þessi möguleiki er þó ekki útilokaður.

Felld er brott upptalning skv. 3. mgr. 72. gr. gildandi laga um grunnskóla á þeim gögnum sem tilheyra skólasafni. Breytingar eru örar á þessu sviði með tilkomu nýrrar tækni og því getur ákvæði af þessu tagi verið til ópurftar sé það bundið í lögum.

Þar sem skólasafnið er óaðskiljanlegur hluti skóla og starfsemi, sú sem þar fer fram, samofin kennslu er gert ráð fyrir því að menntamálaráðuneytið ráði starfsfólk til starfa þar og greiði því laun. Ekki er óeðlilegt að kennarar annist störf þessi í minni skólum a.m.k. Sjá enn fremur greinargerð með 70. gr.

#### Um 66. gr.

Vísað er í gildandi lög sem fjalla um heilsuvernd í skólum. Nefndin lítur svo á að grunnskólalög eigi ekki að tilgreina þá starfsemi frekar. Ítrekað skal að litið er á alla heilsuvernd, hvort sem hún fer fram í skólum, á heilsugæslustöðvum eða annars staðar, sem hluta af almennri heilbrigðisþjónustu landsmanna og falli undir sömu löggjöf. Kostnaður þar af leiðandi fari eftir sömu reglum og annar heilsugæslukostnaður og teljist því ekki til skólakostnaðar.

#### Um 67. gr.

Eins og áður hefur komið fram er gert ráð ráð fyrir að sex ára bekkur forskóla falli undir ákvæði grunnskólans hvað alla tilhögun varðar. Því er í þessari grein aðeins vikið að kennslu fimm ára barna. Felld er brott ákvæði um ráðningu kennara sérstaklega að forskóla og gert ráð fyrir að um það gildi ákvæði laga nr. 48/1986.

#### Um 68. gr.

Óbreytt frá 75. gr. gildandi laga um grunnskóla.

#### Um XIV. kafla.

Kveðið er á um skyldu ríkissjóðs til þess að greiða að fullu allan launakostnað þeirra starfsmanna er ráðnir eru við grunnskóla til stjórnunar- og kennslustarfa og starfa á skólasöfnum.

Hér er um verulega breytingu að ræða frá gildandi lögum um grunnskóla en þar er gert ráð fyrir að skylda ríkissjóðs í þessu efni sé takmörkuð við tiltekið hámark og greiðslur til annarra starfa, t.d. skrifstofustarfa, vörslu í söfnum og stjórnunar, miðist við ákveðið hlutfall af hámarki kennslustunda — svonefnt H. Er því um mikla einföldun uppgjörsreglu að ræða og um leið er skólum tryggður tvímælalaus réttur til greiðslu launakostnaðar.

Sá stundafjöldi, sem til greiðslu kemur, er miðaður við eðlilegt meðaltal nemenda í námshópum en heimild veitt til hækkunar þess stundafjölda ef nemendafjöldi er hærri í einstökum tilfellum. Meðaltal er lækkað nokkuð frá núgildandi ákvæðum, sbr. 43. gr., en jafnframt felld niður bann við nemendafjölda yfir 30 í einstaka tilfelli og hlýtur slíkt að vera

mat skólastjóra hverju sinni. Eru slíkri hækkun þröng takmörk sett og kemur aukinn stunda-fjöldi til er nemendatal er hækkað.

Við endurskoðun ákvæða gildandi laga um grunnskóla um fjármál í frumvarpi þessu er að því stefnt að hvor aðili um sig, ríki og sveitarfélag, hafi alfarið forræði tiltekinna þátta skólastarfsins og beri um leið fulla fjármálalega ábyrgð á framkvæmd þeirra.

Jafnframt er að því stefnt að almennar reglur um skólakostnað taki jafnt til allra skóla án tillits til stærðar eða staðsetningar á landinu, en sá kostnaður sem sérstakur er vegna landfræðilegra aðstæðna, teljist utan almennra reglna og þátttaka ríkisins í honum kæmi til greiðslu sem framlag miðað við hvern nemanda, að teknu tilliti til hinna sérstöku aðstæðna hans hverju sinni. Mikil vinna hefur verið lögð í að kanna þessar aðstæður miðað við skólasókn veturinn 1986–1987 og hefur tekist að mynda reglu er gefur svipaða dreifingu framlaga til þessara rekstrarþátta og nú er í raun, en hér er miðað við akstur nemenda, heimavistarkostnað og vörslu.

Gert er ráð fyrir að þau störf við stjórnun grunnskóla þar sem rekstrarþátttaka var áður miðuð við hlutfall af H verði nú alfarið kostuð af öðrum hvorum aðilanum þannig að ríkissjóður greiði vörslu í bókasöfnum og kostnað vegna kennsluafsláttar skólastjóra og yfirkennara en sveitarfélög greiði að fullu laun vegna skrifstofustarfa og félagsstarfa og annarra starfa við skóla er þau ráða starfsfólk til.

Því er gert ráð fyrir að sveitarfélög greiði allan almennan rekstrarkostnað grunnskóla án þátttöku ríkissjóðs með þeirri undantekningu þó að ríkissjóður greiði kostnað við heilbrigðiseftirlit og heilsugæslu í grunnskólum í sömu hlutföllum og gilda um rekstur heilsugæslustöðva.

Síðan er það sveitarfélaga að skipuleggja skólasókn nemenda sinna með sem hagkvæmustum hætti, og er slíkt í samræmi við þá heildarstefnu við endurskoðun laganna að auka sem verða má forræði heimamanna varðandi stjórnun og rekstur skólanna en draga úr þörf fyrir bein afskipti ríkisvaldsins.

Ekki er gert ráð fyrir að tillögurnar breyti að ráði heildarkostnaði við rekstur grunnskólanna frá því sem nú er.

Í tillögum þessum er gert ráð fyrir að sveitarfélögin yfirtaki að öllu leyti kostnað vegna húsaleigu, trygginga, skrifstofustarfa, vörslu í matar- og kaffitímum og félagsmála.

Í fjárlögum fyrir 1987 er gert ráð fyrir að þessi kostnaður sé um 58 milljónir (verðlag í janúar 1986).

Einnig er gert ráð fyrir að sveitarfélögin yfirtaki allan aksturskostnað í þéttbýli sem er áætlaður um 18 milljónir (verðlag í janúar 1986).

Á móti er gert ráð fyrir að ríkissjóður yfirtaki kostnað sveitarfélaganna af rekstri fræðsluskrifstofa og ráðgjafarþjónustu. Er sá kostnaður áætlaður um 22 milljónir (verðlag í janúar 1986). Sú kostnaðaraukning sem hér hefur verið tilgreind og færast yfir á sveitarfélögin dreifist að mestu leyti í nokkuð réttu hlutfalli við nemendafjölda og er um 1400 kr. á nemanda að meðaltali (verðlag í janúar 1987).

#### Um 69. gr.

Varðandi kennslumagn miða þær breytingar sem gerðar eru einkum að því að aðlaga frumvarpið að því sem nú er í raun í framkvæmd og er þá um leið reynt að taka tillit til þeirra breyttu forsendna sem komið hafa til frá því að gildandi lög um grunnskóla voru sett 1974.

Þá er einnig reynt að koma að nokkru til móts við hugmyndir um nauðsyn á meiri sveigjanleika í uppbyggingu kennslunnar, samsetningu námshópa o.s.frv.

Að því leyti er einnig gert ráð fyrir að skólastjórnendur geti, í samráði við fulltrúa ráðuneytis, tekið tillit til aðstæðna hverju sinni, t.d. varðandi tímabundinn skort á kennurum til ákveðinna sérhæfðra starfa o.þ.h.

Varðandi stuðnings- og sérkennslu telur nefndin ekki hægt að binda ákveðnar viðmiðanir í lögum þar sem hér sé um einstaklingsbundna þjónustu að ræða sem í sumum tilvikum krefjist mjög sérhæfðrar meðferðar. Er því ekki hægt að reikna með að almenn fyrirmæli í lögum um fjármagn og skiptingu þess leiði til hagkvæmrar eða réttlátrar skiptingar. Því er gert ráð fyrir, eins og verið hefur, að rammi að slíkum ákvæðum sé í sérkennslureglugerð, sbr. 47. gr.

Um 70. gr.

Fyrri hluti greinarinnar var áður í 79. gr. gildandi laga um grunnskóla og er hér tekinn óbreyttur. Ákvæði þetta tryggir skólum ákveðinn lágmarksbókakost í skólasafn.

Síðari hluti greinarinnar kveður á um það starfshlutfall sem ríkissjóður kostar vegna starfa í bókasafni. Gildir það um alla skóla.

Um 71. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 72. gr.

Gerðar eru smávægilegar orðalagsbreytingar frá 81. gr. gildandi laga um grunnskóla en engar efnislegar og frekari skýringar því óþarfar.

Um 73. gr.

Brott eru felld orðin „er telst vera frá 1. júlí til 30. júní“ úr 82. gr. gildandi laga um grunnskóla.

Fjárlög miðast við almanaksárið svo og fjárhagsáætlanir allra sveitarfélöga. Sjálfsagt verður að teljast og óhjákvæmilegt að skólar miði sínar áætlanir við sama tíma. Verði umtalsverðar breytingar á milli skólaára, sem fyrir fram gerð fjárhags- og rekstursáætlun skóla gerir ekki ráð fyrir, verður að taka einstök tilvik fyrir sérstaklega.

Um 74. gr.

Hér er fjallað um kostnaðarliði sem eingöngu koma til hjá þeim sveitarfélögum þar sem nemendur þurfa að sækja um allangan veg í sinn skóla. Vegna þessara nemenda eru áætluð útgjöld ríkissjóðs 1987 um 150 millj. kr. (verðlag í janúar 1986). Þar sem hér er um sérútgjöld að ræða, sem einkum leggjast á nemendur í minni sveitarfélögum, telur nefndin óhjákvæmilegt að ríkissjóður haldi áfram að leggja umræddum sveitarfélögum til sérstakar fjárveitingar. Hér er átt við framlög vegna aksturs, gæslu í heimavistum og biðtíma og launakostnaðar í mótuneytum.

Lagt er til að aðferðum við skiptingu þessa fjármagns milli sveitarfélöga verði breytt. Tilhögun sú, sem hér er gert ráð fyrir, er mun einfaldari í framkvæmd en núverandi fyrirkomulag og færir um leið meiri ábyrgð á framkvæmdinni til heimaaðila. Einnig á túlkunaratriðum að fækka frá því sem nú er.

Það er ljóst að þetta fyrirkomulag mun nokkuð breyta heildarfjárupphæðum, sem hvert sveitarfélag fær frá ríkissjóði, en þó virðist sú tilfærsla yfirleitt ekki fara yfir u.þ.b. 20% ef miðað er við hliðstæða þjónustu.

Eins og nú er er sú þjónusta, sem nemendur fá, mismikil eftir skólahverfum og telur nefndin að þessar breytingar mundu að ýmsu leyti geta stuðlað að meira jafnvægi í þessum eignum.

Um 75. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa, en nefndin vill leggja áherslu á að brýna nauðsyn ber til að á einum stað liggja fyrir upplýsingar um heildarkostnað skólahalds í landinu.

Um 76.–77. gr.

Parfnast ekki skýringa.

## Fylgiskjal I.

### **Sérálit vegna 13. gr.**

Greinin fjallar um meginverkefni fræðslustjóra. Ekki dylst að breitt bil er á milli yfirlýstra markmiða grunnskólalaganna, m.a. hvað varðar jafnan rétt til náms, og raunveruleikans. Þetta kemur hvað berlegast í ljós þegar skoðað er hversu stjórnvöld láta viðgangast mismunun á skólapjónustu í þéttbýli og dreifbýli án þess að markvisst sé unnið að úrbótum. Eitt af því sem þessu veldur er of mikil miðstýring í menntamálum; flestum eða öllum ákvörðunum þarf að vísa til menntamálaráðuneytisins í Reykjavík. Það er því þörf á valddreifingu. Við teljum að líklegasta leiðin til raunverulegrar tilfærslu valds út í byggðir landsins sé að efla starfsemi fræðsluskrifstofanna. Markmiðið er að sem flest mál verði leyst heima í héraði.

Þess vegna leggjum við til að 13. gr. orðist svo:  
„Meginverkefni fræðslustjóra eru:

1. Hann fylgist með því að gildandi fyrirmælum um fræðslumál sé fylgt í grunnskólum umdæmisins, bæði varðandi kennslu- og stjórnunarmál, og í öðrum skólum sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.
2. Hann hefur umsjón með gerð árlegra rekstraráætlana fyrir grunnskóla umdæmisins, endurskoðar þær og sendir menntamálaráðuneytinu.
3. Hann annast, í umboði menntamálaráðuneytis, greiðslur á framlögum ríkisins til rekstrar skóla (sbr. 69., 70. og 74. gr. þessara laga).
4. Hann hefur með höndum almenna námsstjórn í grunnskólum umdæmisins og fylgist með árangri nemenda, hvort tveggja í samráði við skólaþróunardeild menntamálaráðuneytisins, og kynnir sér skilyrði skóla, þ.e. aðstöðu til kennslu og náms, svo og aðbúnað nemenda.
5. Hann úrskurðar ágreiningsefni sem upp kunna að koma milli skólastjóra og kennararáðs og skólastjóra og kennarafundar, sbr. 19. gr.
6. Hann gerir í sambandi við meint brot kennara eða skólastjóra í starfi þær ráðstafanir er hann telur þörf, sbr. 52. gr.“

*Valgarður Hilmarsson.*

*Kristinn V. Jóhannsson.*

## Fylgiskjal II.

### **Bókun I.**

Við undirritaðir vísum til samþykktar Landsfundar Sambands íslenskra sveitarfélaga 1986, svohljóðandi:

„Breyta verður núgildandi reglum um kostnað af viðhaldi skólamannvirkja á þann veg að kostnaðarskiptingin fari eftir eignarhlut ríkis og sveitarfélaga.“

Teljum við því eðlilegt að viðhaldskostnaður skólamannvirkja skiptist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur.

*Kristinn V. Jóhannsson.*

*Valgarður Hilmarsson.*

*Björn Halldórsson.*

### Fylgiskjal III.

#### **Bókun II.**

Ég tel réttara að miða ákvæði laganna um fræðslustjóra og fræðsluskrifstofur við heimild, en ekki skyldu, til að halda slíkri starfsemi uppi.

Þá virðist ástæðulaust að telja upp í lögum verkefni þessara starfsmanna menntamálaráðuneytisins. Slíkt hlýtur að ákvarðast af mati ráðuneytisins hverju sinni.

*Björn Halldórsson.*

### Fylgiskjal IV.

#### **Bókun III.**

Við teljum brýnt að komið verði upp kennslugagnamiðstöðvum í tengslum við fræðsluskrifstofurnar. Tilgangurinn er að auðvelda nemendum, hvar sem þeir búa á landinu, að hagnýta sér fjölbreytt kennslugögn í námi.

Teljum við eðlilegt að ákvæði þar að lútandi verði sett í lög um námsgagnastofnun.

*Ingólfur Ármannsson.*

*Kristinn V. Jóhannsson.*

*Valgarður Hilmarsson.*

### Fylgiskjal V.

#### **Bókun IV.**

Þó að ég leggi ekki fram ákveðnar tillögur um breytingar við fleiri greinar eru nokkur atriði sem ég vildi hafa á annan veg. Þar ber fyrst að telja að í nokkrum greinum eru felldar út umsagnir, úrskurðir og tillöguréttur til handa fræðslustjóra þar sem ég vildi hafa óbreytt frá gildandi lögum.

Þá er á nokkrum stöðum, að mínu mati, ekki nógu skýrt kveðið á um vissa hluti, svo sem um ráðgjafarþjónstu.

Í tillögunum eru ákvæði um þessa þjónustu mjög óljós og til muna óljósari en í gildandi lögum.

*Valgarður Hilmarsson.*